

LION



Íslensk útgáfa

www.lions.is

blað nr 299

október 2016



We Serve



Desember 2016. Blað nr. 299
THE LION IN ICELANDIC
Fjölumdaemi 109
Multiple District 109 Iceland

Opinbert málagn Lions Clubs International, gefið út í umboði alþjóðastjórnar Lions á tuttugu tungumálum: Dönsku, ensku, farsí, finnsku, flæmsku, frönsku, grísku, hollensku, íslensku, ítölsku, japönsku, kínversku, kóresku, norsku, portúgölsku, spænsku, sænsku, tælensku, tyrknesku og þýsku. Þrjátíu Lionsblöð eru gefin út í heiminum.

Útgefandi LION á íslensku:
FJÖLUMDÆMI 109
Tímaritið Lion kemur út sex sinnum á ári.

Lionskrífstofan, Sóltúni 20, 105
Reykjavík er opin alla virka daga frá kl. 09.00 til 14.00
Sími: 561 3122
Fax: 561 5122
e-mail / netfang: lions@lions.is
Heimasíða Lions: lions.is
Skrífstofustjóri: Kolfinna Guðmundsdóttir



FJÖLUMDÆMISRÁÐ
FJÖLUMDÆMIS 109
Starfsárið 2016 – 2017
Fjölumdamisstjóri: Arni Brynjólfur Hjaltason, Lkl. Njarðvík
Umdæmisstjóri 109A: Gunnar Vilbergsson, Lkl. Grindavík.
Umdæmisstjóri 109B: Björg Bára Halldórsdóttir, Lkl. Rán.
Fjölumdamisritari: Guðmundur Helgi Gunnarsson, Lkl. Fjörgyn.
Fjölumdamisgjaldkeri: Guðmundur Oddgeirsson, Lkl. Þorlákshafnar
Fráfarandi fjölumdamisstjóri: Guðmundur Helgi Gunnarsson, Lkl. Fjörgyn.
Vara fjölumdamisstjóri: Jón Pálmason Lkl. Viðar.

Protokol- og þingstjóri: Kristinn Hannesson, Lkl. Mosfellsbæjar.
Alþjóðasamskiptastjóri: Arni Viðar Friðriksson, Lkl. Hængur.
Kynningarstjóri: Hörður Sigurjónsson, Lkl. Njörður.
Umhverfisstjóri: Kristófer A. Tómasson, Lkl. Geysi
Ritstjóri Lion: Þorkell Cýrusson, Lkl. Búðardals.
Netstjóri: Skúli Guðmundur Ingvarsson, Lkl. Borgarness.
NSR 2017 formaður þingnefndar: Þór Steinarsson, Lkl. Fjörgyn.
GLT stjóri (menntun og leiðtogaþjálfun): Halldór Kristjánsson, Lkl. Ásbirni.
GMT stjóri: (útbreiðsla og fjölgun): Stefán Arnason, Lkl. Vitaðsgjafa.
GMT/konur í Lions: Hrunn Hjaltadóttir, Lkl. Fold
NSR-AU nefndarmaður/ Lestarákstsstjóri: Hrunn Hjaltadóttir, Lkl. Fold.
Heilbrigðisstjóri: Jón Bjarni Þorsteinsson fyrrv. alþjóðastjórnaformaður, Lkl. Mosfellsbæjar.
Hjálparsjóðsstjóri: Guðjón Jónsson, Lkl. Seltjarnarness.
Ungmennaskiptastjóri: Brynja Vigdís Þorsteinsdóttir, Lkl. Æsa.
Ungmennaverkefnastjóri: Ósk Aradóttir, Lkl. Uu.
LCIF stjóri, fyrrv. alþjóðastjórnaformaður: Jón Bjarni Þorsteinsson Lkl. Mosfellsbæjar.
Afmælisnefnd Lions: Pálmi Hannesson, Lkl. Garður
MedicAlert stjóri: Lúdvík Andreasson, Lkl. Tý.
Menningarstjóri: Gerður Jónsdóttir, Lkl. Ylfa.
Formaður Kjaransorðunefndar: Kristín Þorfinnsdóttir, Lkl. Embla.
Laganefnd (form.): Áslaug Þórarinsdóttir, Lkl. Búðardals
Lions Quest stjóri: Magnús J. Magnússon, Lkl. Selfoss.
Sköðunarmaður (aðal): Þorleifur Sigurðsson, Lkl. Ásbirni.
Sköðunarmaður (aðal): Daníel Þórarinnsson, Lkl. Nirði.
Sköðunarmaður (vara): Halldóra J. Ingibergsdóttir, Lkl. Eik.
Sköðunarmaður (vara): Benjamín Jöspesson, Lkl. Akranes



Fjölumdamisstjóri ásamt umdamisstjórum.

Varaumdamisstjóri 109A: Ellert Eggertsson, Lkl. Hafnarfjarðar.
Varaumdamisstjóri 109B: Björn Guðmundsson, Lkl. Hæng.
Varaumdamisstjóri (annar) 109A: Geirþrúður Fanney Bogadóttir, Lkl. Æsa.
Varaumdamisstjóri (annar) 109B: Sigfríð Andradóttir, Lkl. Búðardals.
Framkvæmdastjórn
Lionshreyfingarinnar 2015 – 2016:
International President: Robert „Bob“ E. Corlew USA
Immediate Past President: Dr. Jitsuhiro Yamada Japan
First Vice President: Naresh Aggarwal Indland
Second Vice President: Guðrún Björt Yngvadóttir Ísland

Jennifer Ware, Jaepung Yoo.

Second Year Directors:

Melvyn K. Bray,
Pierre H. Chatel,
Dr. Eun-Seouk Chung,
Gurcharan Singh Hora,
Howard R. Hudson,
Sanjay Khetan,
Robert M. Libin,
Richard Liebno,
Helmut Marhauer,
William L. „Bill“ Phillipi,
Lewis Quinn,
Yoshiyuki Sato,
Gabriele Sabatosanti Scarpelli,
H. Jerome Thompson,
Ramiro Vela Villarreal,
Roderick Paul Wright.
Katsuyuki Yasui

Upplag: 2400 eintök – Pökku og dreifing: Lionsklúbburinn Úa, Mosfellsbæ.

Umbrot og prentun: Litlaprent ehf.
Forsíðumynd: Kirkjufell í norðurljósa baði – Eyþór Benediktsson, félagi í Lkl. Stykkishólms

Ritstjórnargrein



Ágætu lionsfélagar og aðrir lesendur þá er þriðja tölublað starfsársins komið út, sem er jafnframt jólablaðið okkar. Það hefur verið venjan að vera með hugvekkju í þessu blaði og að þessu sinni verður engin breyting á því. Þetta ár skrifar Hlökkver Ingi Gunnarsson skóllestjóri Auðarskóla í Dalabyggð hugvekkjuna.

Eins og kom fram í síðasta blaði þá var ritstjóri á leið á ráðstefnu ritstjóra lionshreyfingarinnar sem haldin var í Berlín. Ráðstefnan var mjög góð og umræður fræðandi fyrir mig. Það var vitað að alþjóðastjórn Lions var með hugmyndir um breytingar á útgáfu lionsblaða á heimsvísu og okkur var tilkynnt hvað fælist í þessum breytingum.

Helstu niðurstöður eru þær að alþjóðastjórn mun lækka styrk sinn til útgáfu blaðana um þriðjung sem í raun þýðir að aðeins verða gefin út 4 prentuð blöð á ári í staði 6. Í stað þess verða öll blöðin 6 gefin út í netútgáfu. Það þýðir að tvö blöð verða aðeins gefin út í netútgáfu og hana verður hægt að lesa í sísum og hverskyns tölvum. Ég reyndi eftir fremsta megni að malda í móinn sem og aðrir ritstjórar en það var í raun tilgangslaus þar sem ákvörðun hafði þegar verið tekin og við höfum ekki annara kosta völu en að samþykka að gefa út netblöð. Þessi breyting mun ekki koma til okkar fyrir árið 2018 en okkar útgáfa hefst á netblöðum í nóvember á næsta ári. Allar þessar breytingar verða vel kynntar og hvað menn þurfa að gera til að nálgast blöðin.

Febrúarblaðið verður helgað að einhverju leiti 100 ára afmæli lionshreyfingarinnar (Centennial). Ég óska því eftir því við ykkur kærur lionsfélagar að koma með greinar sem fjalla um einhverjar skemmtilegar minningar úr sögu klúbbanna ykkar með myndum.

Að lokum óska ég öllum gleðilegra jóla og farsældar á næsta ári í leik og starfi með þökk fyrir samstarfið á árinu sem nú er að líða.

Netfang Lionsbladsins er: lbl@simnet.is

Með lionskveðju, Þorkell Cýrusson ritstjóri

Hugvekja

Hlökkver Ingi Gunnarsson

Aðventan er tími tilhlökkunar. Í nóvember og desember upplifum við myrkasta hluta ársins þegar við fáum aðeins að njóta sólarinnar í stuttan tíma hvern dag og við finnum að sá tími er alltaf að stytast og stytast. Fyrir mörgum er þetta erfiður tími á meðan aðrir geta notið skammdægursins.

Sem barn upplifði maður þennan tíma sem þann lengsta sem hægt var að hugsa sér. Maður iðaði af spenningsi yfir því að nú væri farið að stytast í jólin og tilhlökkunin um góðan mat og gjafir gat á stundum orðið yfirþyrmandi. Það var lítið svigrúm til þess að nota tíma til þess að hugsa og njóta.

Enda virðumst við vera mjög upptekin af því að setja þetta tímabil í ákveðinn niðurtalningarbúning. Þetta er eins og vera staddur í hindrunarhlaupi. Fyrst kemur aðventan og þá fer skeiðklukkan í gang. 1. desember byrjar jóladagatalið, 24 daga niðurtalningin er hafin einn dag í einu! Eina sárabótin var súkkulaðibiti í dagatalinu og ef maður var svo hófstílltur að vera ekki búinn að stelast í mola fyrirfram.

11. desember taka jólasveinarnir að koma einn af öðrum, urðu þá mandarínur og happaprennur í huga manns að stórgjöfum sem hélt í hendur við miklar vangaveltur um hvernig 13 hálf biluðum miðaldra karlmönnum tækist að komast inn á heimilið kvöld eftir kvöld með gjafir.

Skólinn fer í frí um 20. desember, þann 23. kemur Þorlákur, lengsti dagur ársins í huga margra barna ofan á fremur slæma lykt sem ofan á allt er hin illa lykt af fiski, sem hefur sjaldan talist vera uppáhalds matur barna, hið minnsta í mínum ungdómi.

Svo kemur hann bara allt í einu, stóri dagurinn! Með eins stórum greini og hugsast getur, þetta er dagur allra daga, trompar jafnvel sjálfan afmælisdaginn! Oftast tekst okkur einhvern veginn að láta þennan dag heppnast, þó svo allir séu búnir að klára af bensíntanknum. Það gerist alltaf eitthvað undursamlegt á aðfangadagskvöld klukkan sex.


Hindrunarhlaupið er búið og í nokkra klukkutíma á ári gefa allir sér tíma til þess að slaka á og njóta stundarinnar.

Ég held að við upplifum öll að þegar árin færast yfir okkur að þá minnkar spenningsurinn fyrir jóluum eða öllu heldur þá minnkar spennan fyrir gjöfunum, vonandi hverfur matarástin aldrei. En í alltof mörgum tilfellum leysum við hana af með stressi og miklum fyrir okkur íburðinn og að allt eigi að vera fullkomið á aðfangadag, dýrar gjafir, besti maturinn og fallegustu fötin. Við gleymum því að njóta samverunnar og friðarins sem á að fylgja jóluum.

Hlutverk aðventurnar á ekki að vera upphafið á ströngu og löngu hindrunarhlaupi. Aðventan á jú að léttu okkur myrkasta skammdegið með viðburðum og tilhlökkun en í stað þess að keyra hann upp í stressi og spenningsi eigum við frekast að leitast við að færa eitthvað af þessari ró og kyrrð sem við upplifum á aðfangadag sjálfan yfir á alla aðventuna.

Eins og aðfangadagur snýst um það að njóta þá á aðventan að snúast um það líka. Tími íhugunar og sjálfskoðunar þar sem hver og einn skyldi gefa sér tíma til að horfast í augu við sjálfan sig og spyrja að því hvað það er sem raunverulega skiptir máli.

Hlökkver Ingi Gunnarsson skólastjóri Auðarskóla Dalabyggð



Vináttan leggur lið!

Björg Bára Halldórsdóttir

umdæmisstjóri 109B



Heil og sæl kærur Lionsfélagar.

Takk fyrir ykkar góðu störf á síðustu vikum. Í B umdæminu einu eruð þið búnir að gefa 2.500 manns blóðsykurmælingu sem þýðir 2.5 milljón kr. sé það reiknað í beinhörðum peningum. Svo eru einhverjir sem fóru áfram í frekari rannsóknir, það verður ekki metið til fjár.

Vel gert Lionsfélagar!

Míg langar að segja ykkur frá áhugaverðu erindi sem Margrét Björnsdóttir aðjúnkt við Háskóla Íslands hélt á vel heppnuðu málþingi „Konur og Lions“ 10.nóv.sl. Þar kynnti hún kenningar Robert D. Putnam um félagsvirkni (þátttaka í félagsstarfi) sem byggðar eru á rannsóknum hans og annarra vísindamanna. Putnam kallar þetta félagsauð vegna tengsla félagsvirkni við jákvæð áhrif fyrir einstaklinga og samfélög. Fjöldi alþjóðlegra rannsókna sýna fram á að félagsvirkni stuðlar að betri heilsu okkar jafnt

andlegar sem líkamlegrar. Einnig eykur hún traust milli manna, ekki bara þeirra sem starfa saman heldur líka annarra í þeirra samfélagi. Aukin hagsæld samfélaga þar sem félagsvirkni er mikil kemur einnig fram í þessum rannsóknum sem og betri samskipti manna á meðal. Lions er að gefa okkur vináttu, fræðslu og félagslega þjálfun sem gerir okkur að sterkari einstaklingum og betri leiðtogum á sama tíma sem við gerum samfélag okkar betra. Þetta höfum við jú fundið á okkur sjálfum ekki satt, en ánægjulegt er að hafa það vísindalega staðfest. Vináttan leggur svo sannarlega lið.

Nú fer í hönd aðventan, tími sem við notum til að treysta vina- og fjölskyldubönd. Það skulum við líka gera í okkar klúbbum, treystum vinaböndin og gerum fundina skemmtilega svo allir hlakki til næsta fundar.

Meðið þið eiga notalega aðventu og gleðileg jól.

Skilafrestur á efni í næsta blað er 9. febrúar

Mætið í Veislu Aldarinnar

Pistill Alþjóðaforseta

Bob Corlew

alþjóðaforseti



Ég geri mér glaðan dag sjálfur, skrifaði skáldið Walt Whitman. Lionsfélagarnir hafa einnig gert mikið af slíku í þann mund sem Aldarafmælið nálgast í júní. Lionsfélagar í New

England minnst afmælisins á markatöflunni hjá Patriots í fyrsta leik þeirra á tímabilinu. Lions í Texas héldu afmælisveislu á hóteli með afmælistertu, fánum, lúðrum og 100 blöðrum. Lionsklúbbur í Blandon Pensilvaníu buðu hundruðum fólks uppá frían mat, tónlist, happdrætti og barnaleiki og kynntu um leið hvað Lions væri og hvað Lions væri að gera. Aldur er skritinn hlutur, við höldum uppá alla afmælisdaga þegar við erum ung, svo er minna um það á miðjum aldri, en svo aftur veislur þegar við eldumst og höldum uppá merkis afmæli. Eins hefur það verið með Lionsklúbba-anna. Við verðum bara hundrað ára einu sinni. Við skulum meta vel hver við erum, hvað við höfum gert og verum viss um að láta almenning einnig taka þátt í hátíðahöldunum. Við erum nú ekki sjálfbær eftir allt saman, við erum til vegna þarfa samfélagsins í kring um okkur, svo við látum nágrannana taka þátt í gleðskapnum. Hér eru nokkrar ábendingar til að minnast afmælisins: Flaggið Lionsfánanum á afmælisdaginn, heiðrið þann féлага í klúbbum sem hefur starfað lengst í klúbbum eða umdæminu, útbúið 100 ára borða þar sem ljóshausar eru í

stað fyrir núllin í ártalinu. Látið fjölmiðla vita og notið Lions100. Verðið með þjónustuverkefni eins og Aldar maraþonans, afmælistertu, útbýta máltíðum til fátækra, tengist samfélaginu með að hafa lionspramma í skrudgöngum, gefið 100 bækur á bókasafnið, fyllið 100 bakpoka fyrir börn sem innihalda lionshluti, bjóðið nýjum félögum til veislu með bæjarstjórn, bjóðið 100 mögulegum félögum að taka þátt í verkefnum eða halda veislu með 1917 eða 2017 þema. Af nógu er að taka. Þið þurfið ekki að hanna ykkar eigin Aldarafmælishluti, afmælisborðar, fánar og aðrir afmælishlutar eru til hjá Alþjóða-skrifstofunni. Ég hef talað við marga lionsfélaga sem bíða afmælisins með óþreyju, og hópar ætla að mæta í Chicago í hina merku afmælisveislu. Eftir allt þá er þetta afmæli ykkar allra sem við höldum uppá. Lionsfélagarnir búa til klúbbinn og það sem hann stendur fyrir. Ég fagna að sjálfsgöðu sjálfur. Njótið þessa sérstaka árs og þakka ykkur fyrir þjónustuna.

Chancellor Bob Corlew
Alþjóðaforseti Lions
Þýðing: Geir Hauksson

Pistill frá Umdæmisstjóra 109 A

Gunnar E. Vilbergsson

umdæmisstjóri 109A



Jæja, ágætu lionsfélagar. Nú líður senn að jólum og fundir klúbba bera þess merki. Þegar komið er fram í desember þá vaknar jólabarnið í okkur og okkur langar til að gera meira fyrir þá sem minna mega sín. Það hafa það því miður ekki allir gott og því gleður það lionshjartað að geta rétt hjálparhönd. Ég veit að það þarf ekki að hvetja klúbba til að gefa eitthvað af sér en sjaldan er góð vísa of oft kveðin. Ég hef ferðast ansi mikið meðal klúbba og mér finnst ástæða til að þakka góðar móttökur í haust. Sérstaklega þakka ég Snorra Jóns-syni, svæðisstjóra á svæðið 1-2, og konu hans fyrir frábærar móttökur. Ég skynja það á mínum ferðum í klúbba að mönnum líður vel í lionsstarfinu og félagar eru almennt að njóta sín sem er auðvitað frábært.

Það sem ég legg samt mesta áherslu á í mínu starfi er að reyna að koma í veg fyrir brottfall félaga. Gerum klúbba það skemmtilega að fólk sækist eftir því að ganga til liðs við okkur en ekki yfirgefa. Ég vil meina að það

þurfi að láta lionsfélaga fá hæfileg verkefni svo þeir sitji ekki hjá. Eitt og eitt námskeið er gott að fá inn í klúbba og standa þau klúbbum til boða.

Það er búið að halda ráðstefnum um „lestarátaksverkefnið“ og „konur í Lions“. Nú stendur yfir og að mestu lokið blóðsykurmælingum klúbba. Lionsfélagar hafa tekið vel í þessi verkefni og mætt þökkalega en alltaf má gera betur.

Við vitum jú að VILJI ER ALLT SEM ÞARF.

Ágætu lionsfélagar ég þakka ykkur gott samstarf nú í haust og ég óska ykkur og fjölskyldum ykkar gleðilegrar jólahátíðar.



Að auka gæðin

Guðrún Björt Yngvadóttir
vara alþjóðaforsæti Lions



Stefnumótun til 5 ára

Alþjóðastjórn hefur kynnt nýja stefnumótun, sem kölluð er „LCI Forward“ og er fimm ára áætlun. Áherslu á að auka gæði á öllum sviðum og leita nýrra leiða, til að komast upp úr gömlum hjólförum. Sérstakur vinnuhópur var skipaður í þessa áætlunargerð, en Svein Berntsen frá Noregi leiddi vinnuna. Skoðanakönnun var gerð meðal Lionsfélaga, sem yfir 50.000 félagar tóku þátt í og unnið var með sérfræðingum á ýmsum sviðum. Sjá nánar á vef LCI: <http://members.lionsclubs.org/EN/lci-forward/>

Við leggjum lið

Markmið Lions er að leggja lið 200 milljónum manna á ári. Sjónvernd verður áfram eitt af okkar mikilvægu verkefnum, ásamt verkefnum fyrir börn og ungmenni, umhverfismálum og að vinna gegn hungri. Við bætist barátta gegn krabbameini og sykursýki. Sykursýkisvarnir var valið sem okkar aðal átaks-verkefni næsta ártuginn.

Sykursýki

Lions hefur í fjóra áratugi unnið að verkefnum tengdum sykursýki með fræðslu, forvörnum og rannsóknum. Lions mun nú snúa sér í enn frekari mæli að sykursýkisvörnum, ekki síst hjá



börnum. Fólk með sykursýki er t.d. í meiri hættu gagnvart augnsjúkdómum og blindu. Alþjóðaheilbrigðisstofnunin áætlar að sykursýki muni hrjá um 642 milljónir manna árið 2040. Þetta er mikill heilbrigðisvandi og stundum kallaður faraldur 21. aldarinnar.

Börn og ungmenni

Verkefni fyrir börn og ungmenni eru fjölbreytt, Lions vinnur að forvörnum og byggir upp ungt fólk. Lions gefur ungu fólki kost á að kynnst lífi, starfi og menningu annarra þjóða (unglingaskipti); - tækifæri til að taka þátt í umræðunni um frið og til að tjá sig þar um með listrænum og skapandi hætti (friðarveggspjald og -ritgerð); - tækifæri til að tileinka sér lífsleikni, sjálfsefningu, félagsfærni, vímuvarnir og vinna gegn einelti (Lions Quest). Í öllum Lions-verkefnum, eru litíð sérstaklega til barna og ungmenna, hvort sem það er sjónvernd, sykursýki eða krabbamein. Börn og ungmenni eru framtíðin.

Gæði í klúbbstarfi

Stefnumótunin leggur áherslu á að bæta upplifun Lionsfélaga, að auka gildi þess að vera félagi í Lionsklúbba. Við höfum áður talað um „að halda í félagana“ eða „félagagæslu“, en góður klúbbur missir ekki félagana og á auðveldar með að ná í nýja félagana. Klúbbfundir þurfa að hafa aðdráttarafl og verkefnin þurfa að vera vinsæl og þjóna samfélaginu. Klúbburinn þarf að huga að innra starfinu og líka að hafa góða stefnu í kynningar- og markaðsmálum.

Skemmtilegir fundir

Góðir fundir hafa dagskrá með skemmtilegum fyrirlesturum og áhugaverðri fræðslu, sem gerir klúbbstarfið fjölbreytt og uppbyggjandi. Það

styrkir félagana og laðar að nýja félagana. Klúbbur ættu að setja sér markmið, skilgreini starfið, hverju þeir vilja sinna, hvað þeir vilja vera þekktir fyrir og hvernig félagana þeir vilja fá. Lions býður upp á margs konar námskeið til að styrkja klúbba og félagana.



Raunhæf verkefni

Við leggjum lið og mikilvægt er að endurskoða verkefnavalið reglulega og forgangsraða því sem klúbburinn vill styrkja. Verkefni sem félögunum finnst gaman að vinna og sjá fyrir endann á, ganga best. Mikilvægt er að vera í góðu samstarfi við samfélagið og finna verkefni, þar sem þörfin er mest. Lionsklúbbur kynna sig best með því að vinna raunhæf verkefni.

Kynningar- og markaðsmál

Klúbbur ættu að ræða og setja sér stefnu í kynningar- og markaðsmálum, til að fá nýja félagana og sterkari samstarfsaðila. Við þurfum að styrkja ímyndina og auka sýnileikann. Það þarf að kynna „vörumerkið“ okkar LIONS – „Við leggjum lið“. Það gerum við með því að segja frá okkar sigrum, að við látum gott af okkur leiða, og hvað það er gagnlegt og gaman að vera Lions. Notum samfélagsmiðlana og aðra þá miðla sem eru tiltækir í hverju samfélagi.

Framúrskarandi

Markmiðið er að Lions verði framúrskarandi á öllum sviðum, umdæmi, svæði og klúbbur, félagamál, leiðtogaþjálfun, verkefnin og markaðsmálin. Áhersla lögð á meiri teymisvinnu og betri samstöðu. Lions vill áfram vera stærstir og bestir.



Fjölumdæmisstjóri

Árni Brynjólfur Hjaltason

Fjölumdæmisstjóri



Kæru Lionsfélagar
Evrópuþing Lions var haldið dagana 27-29 október í Sofíu, höfuðborg Búlgaríu.

Auk mín sóttu það, Hafdís Friðriksdóttir eiginkona mín, Hrund Hjaltadóttir

AU nefndar formaður norðurlandanna, Brynja Vigdís Þorsteinsdóttir ungmennaskiptastjóri, Ólafur Thordersen eiginmaður Brynju Vigdísar, Árni Viðar Friðriksson alþjóðasamskiptastjóri, Gerður Jónsdóttir menningarstjóri og eiginkona Árna Viðars, Guðrún Björt Yngvadóttir 2. vara-alþjóðaforseti Lionshreyf-

ingarinnar og Jón Bjarni Þorsteinsson fyrirverandi alþjóðarstjórmaður og eiginmaður Guðrúnar Bjartar.

Fjölumdæmisstjórar norðurlandanna funduðu á fimmtudeginum og föstudeginum.

Margir fyrirlestur voru þessa þrjá daga og völdum við okkur nokkra fyrirlestra sem okkur þótti athyglisverðir. Gaman er að sjá hvað norðurlöndin standa vel saman í lionsverkefnum víðsvegar um heiminn.

5. nóvember var haldið málþing í Reykjanæsbæ, Börn í áhættu: Lestrarvandi. En þetta er í fyrsta skipti sem þetta er haldið utan höfuðborgarinnar. Fyrirlesarar voru þau, Helgi Arnarson fræðslustjóri Reykjanæsbæjar, Hrund Hjaltadóttir lestraráttaksstjóri Lions, Ragnheiður Gestsdóttir rithöfundur og formaður Ibby á Íslandi, Sigrún Jóhannsdóttir talmeinafræðingur og framkvæmdastjóri TMF Tölvumiðstöðvar og Hrefna Sigurjónsdóttir framkvæmdastjóri Heimilis og skóla. Ágætis mæting var á þingið og fundarmenn ánægðir, en ætlunin er að halda annað svona málþing í febrúar á næsta ári.

10. nóvember var haldið málþing í lionssalnum Lundi í Kópavogi, Konur og Lions. Hvað dregur konur að Lions? Fyrirlesarar voru þau, Margrét S. Björnsdóttir aðjúnkt við stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands, Guðrún Björt Yngvadóttir 2. vara-alþjóðaforseti Lionshreyfingarinnar, Björg Bára Halldórsdóttir Lkl. Rán og umdæmisstjóri 109B, Edda Ruth Waage



Lkl.Seylu og Sigþór Hallfreðsson formaður Blindrafélagsins. Pokkaleg mæting var á þingið sem tókst vel í alla staði.

Föstudaginn 11. nóvember setti forseti Ísland, Guðni Th. Jóhannesson í gang í Garðabænum, blóðsykurmælingar Lions. Lkl. Eik var þar að taka þátt í blóðsykurmælingum í fyrsta sinn og er það vel. Mikil vakning er meðal fólks á Íslandi varðandi blóðsykurmælingar og því gott tækifæri fyrir Lions að vekja athygli almennings á Lions og hvað við stöndum fyrir.

Nú í byrjun desember munum við flytja í nýja húsnæðið okkar að Hlíðasmára 14 í Kópavogi. Fundaraðstaðan verður klár í jan/feb þar sem breytingar á húsnæðinu hafa dregist á langinn.

Góðir lionsfélagar, ég vil óska ykkur öllum og fjölskyldum ykkar nær og fjær, gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.



Lionsklúbbur Seyðisfjarðar

Af okkur á Seyðisfirði er allt gott að fréttu. Við höldum okkar 702. fund í gær. Á fundinum þar á undan sem vitanlega var nr. 701 mætti Gunnar Vilbergsson, Umdæmisstjóri 109A, og kynnti sig og sín stefnumið. Virkilega skemmtileg heimsókn og góður Lionsfélagi þar á ferð. Hann útbýtti m.a. nokkrum viðurkenningum fyrir starfsaldur og áttuðu klúbbfélagar sig á því að nokkuð er tekið að slá í suma þeirra. Fundir Lionsklúbbs Seyðisfjarðar einkennast almennt af mikilli gleði og voru þessir síðustu tveir fundir engin undantekning þar á. Á fundinum í gær fengum við tvo góða gesti sem voru þau Jóhanna Thorsteinsson, sem mætt var í embættiserindum, og Jón Pálsson, rithöfundur með meiru, sem las upp úr bókum sínum. Hann gaf út bókina Dýrmundur og málið með veginn árið 2014 og nú á haustdögum kemur út eftir hann bókina Valdamiklir menn, sem er alvöru krimmi. Var gerður góður rómur að upplestri Jóns úr bókunum.

Af klúbbstarfi er það annars að fréttu að við erum tilbúnir með útgáfu símaskrár fyrir Seyðisfjörð sem hefur verðið drjúgt fjáröflunarverkefni undanfarna áratugi. Við erum að fara í að setja upp bekkni bæði innan bæjar og utan fyrir lúna göngumenn. Hugmyndin er sú að einstaklingar og fyrirtæki í bænum geti fjárfest í bekk ymist í auglýsingarskýni eða til minningar um látna ástvini. Bekkirnir yrðu svo merktir fyrirtækjunum og eða settir á þá minningarskildir ásamt merki Lions. Blóðsykurmæling fór fram í nóvember í Samkaupum-Strax og kom í ljós að Seyðfirðingar eru misvel greindir. Greindust nokkrir nýir og eins komst upp um nokkrar áðurgreinda sem ekki höfðu farið eftir ráðleggingum læknis varðandi mataræði. Samþykkt hefur verið í klúbbnum að leggja kr. 200.000.- til kaupa á blakboltum fyrir barna- og unglingastarf blakdeildar Hugins og er það hugsað sem forvarnarstarf af hálfu klúbbsins. Framundan er árlegt jólaball sem

klúbburinn stendur fyrir og er opið öllum almenningi. Mikil aðsókn heimamanna og gesta hefur verið á jólaballið undanfarin ár. Lionsklúbburinn stendur einn að skemmtuninni en Gullberg e.h.f. hefur undanfarin ár styrkt framtakið með jólagjöfum til barnanna og kann klúbburinn fyrirtækinu góðar þakkir fyrir. Þá útvegar klúbburinn jólatré bæði fyrir jólaballið og í Seyðisfjarðarkirkju fyrir jólin.

Við í Lionsklúbbi Seyðisfjarðar lítum björtum augum til framtíðar. Endurnýjun er nokkur í klúbbnum. Þar starfa jafnt karlar sem konur og okkur hefur tekist að fá nokkra yngri menn til liðs við okkur og eins hefur okkur lánast að halda eldri félögum inni að mestu. Það er þannig jafnvægi í fjölda félaga sem eru þetta á rólinu 22-25 að jafnaði.

*Með Lions-jólaþakveðju,
Lárus Bjarnason, fjölmíðlafulltrúi.*



Lkl. Hveragerði



Þriðji fundur Lkl. Hveragerðis á starfsárinu 2016-2017 fór fram á Hoflandsetrinu 24. október. Nýr félagi klúbbsins var tekinn inn á fundinum, Ársæll B. Ellertsson prentari.

Heiðursgestur fundarins var Ellert Eggertsson varaumdæmisstjóri umdæmis 109A og veitti hann klúbbnum aldarafmælisviðurkenningu Lionshreyfingarinnar en hreyfingin er 100 ára.

Var hún veitt vegna starfa klúbbsins við gjöfuga fjölgun og væns árangurs í nærsamfélaginu.



Ellert Eggertsson, varaumdæmisstjóri umdæmis 109A.



Ellert Eggertsson afhendir Daða Ingimundarson formanni aldarafmælisviðurkenninguna.



Nýr félagi tekinn í klúbbinn, f.v. Ársæll B. Ellertsson nýr félagi, Vilmundur Kristjánsson meðmælandi og Daði Ingimundarson formaður lkl. Hveragerðis.

LCIF - Alþjóðahjálparsjóður Lions

– það sem við vinnum fyrir



Við erum alltaf að kynna starf LCIF alþjóða-hjálparsjóðsins okkar. Við ættum öll að vita hvað sjóðurinn hefur reynst okkur vel og hvað við getum verið stolt af sjóðnum.

Að styrkja góð málefni eins og mislingafaraldur, hugsioð ykkur ein sprauta kostar 1 USA dollar. Við erum flestir lionsfélagar á Íslandi á þeim aldri að við þekktum og þekkjum fólk sem veiktist af þessum skelfilega sjúkdómi á árum áður en sem betur fer er þetta nánast orðið óþekkt hér í okkar landi, en því miður nálgast þetta aftur. Segir okkur enn og aftur það má aldrei sofna á verðinum. Heimurinn er allur orðinn svo opinn og fólk ferðast á milli landa og heimsálfa, víða er þetta ekki sjálfsgöður hlutur að fá sprautu við mislingum á barnsaldri. Þess vegna berjumst við við þennann vágast með góðum árangri.

Sú tölulega staðreynd nú er að það deyja á degi hverjum 380 manns af völdum mislinga.

Flest þau verkefni sem klúbbar styðja safna inneign fyrir klúbba til Melvin Jones viðurkenninga. Veist þú hvað klúbburinn þinn á mikla inneign?

Það er ekkert skemmtilegra en að heiðra góðan félagar fyrir vel unnin störf með MJF viðurkenningu.

Veist þú hvort klúbburinn þinn leggur eitthvað að mörkum á hverju ári.

Framlag þarf ekki að vera stórt, en það er mjög mikilvægt að allir klúbbar taki þátt, sýnir samhuginn og viljann í verki.

Við erum með til sölu Contribution pin, stuðningsmerki LCIF, þau eru brons, silfur og gull og kosta kr. 3000, kr. 7500 og kr. 15000

Ef þú kærir Lionsfélagi vilt fá frekari upplýsingar um LCIF, þá erum við félagarnir í LCIF teyminu alltaf reiðubúin til þjónustu.

Við getum komið á svæðisfund, klúbbsfund eða bara ef þú vilt fá frekari upplýsingar, ekki hika við að senda fyrirspurn og við munum reyna að upplýsa eftir bestu getu.

Kristín Þorfinnsdóttir, vidreisn@internet.is
Kristinn Hannesson, kristinnhannesson@simmet.is
Jón Bjarni Þorsteinsson, bjarni@hraunfolk.net

Lionsklúbbur Selfoss

Skemmtilegur partur af starfinu hjá okkur í Lionsklúbb Selfoss eru fyrirtækjaheimsóknirnar sem við förum reglulega í. Á þessu ári höfum við td. heimsótt lögregluna hér á Selfossi og þar fengum við að skoða flest alla króka og kima og kynnst nokkuð vel starfi þeirra. Við förum og heimsóttum Íslenska Bæinn í Austur Meðalholti en þar er hægt að skoða gömul hús og torfbæi og kynnst sögu torfbæja á Íslandi. Áhugavert þótti okkur að skoða húsakynni Sláturhúss Suðurlands en þar fer fram slátrun og vinnsla á sauðfé og stórgripum. Þetta er eitt af þessum fyrirtækjum sem maður keyrir reglulega fram hjá en hefur aldrei skoðað. Við förum einnig og heimsóttum Veitustofnun Árborgar en þaðan er stjórnað ýmissi þjónustu í Árborg.

Ásamt þessum heimsóknum sem við höfum farið í höfum við verið duglegir við að fá áhugavert fólk til okkar í heimsókn til þess að segja okkur frá áhugaverðum hlutum eða stöðum. Við höfum til dæmis fræðst um jólin í Ameríku, skógrækt á Suðurlandi, whiskey framleiðslu í Skotlandi, lífið á Grænlandi og fengið ferðasögu frá Ísrael.

Það er því óhætt að segja að það er skemmtilegt starfið hjá okkur.

Fyrir hönd Lionsklúbbs Selfoss, Alex Ægisson.



Börn í vanda- Lestraráttak Lionshreyfingarinnar

Lestraráttaksteymi Lions skipa eftirtaldir konur:

Hrund Hjaltadóttir Lkl. Fold fyrir MD 109, Jórunn J. Guðmundsdóttir Lkl. Ýr fyrir 109A og Dagný S. Finnsdóttir Lkl. Úu fyrir 109B.

Fyrsta verkefni haustsins var að sjá um dreifingu bókamerkja til allra 10 ára barna í grunnskólum landsins með aðstoð svæðisstjóra og klúbba um allt land.

Eftir því sem best er vitað þá gekk dreifing bókamerkjanna til klúbbanna og síðan áfram til skólábarnanna vel, þó er vitað að nokkrir skólar hafa ekki enn fengið sín bókamerki og er það verkefni í vinnslu. Örfáir skólástjórnendur í Reykjavík velkjast enn í vafa um hvort þeir megi dreifa bókamerkjunum eða ekki og höfum við gengið í að leiðrétta þann misskilning og látið vita að Lionshreyfingin hefur leyfi Skóla og Frístundasviðs Reykjavíkurborgar til dreifingarinnar. Laugardaginn 5. nóvember s.l. héldum við Málþing í Reykjanesbæ nánar tiltekið í Íþróttakademiunni. Yfirskriftin var „Börn í vanda - treglæsi“ og er það í fimmta sinn sem lestrarátakshópurinn heldur slíkt málþing en í fyrsta sinn á haustönn og utan Reykjavíkur.

Helgi Arnarson fræðslustjóri Reykjanesbæjar opnaði málþingið á skemmtilegan hátt og ræddi meðal annars um hve mikilvægt það er að hvetja börn til lestrar og að foreldrar lesi fyrir börn. Hann vakti líka athygli á að börnin

þurfa að fá nýútkomnar bækur. Hrund Hjaltadóttir lestrarátaksstjóri kynnti Lions hefur nálgast verkefnið, hvernig það kom til og minnti menn á að þetta er alþjóðlegt Lionsverkefni sem er á dagskrá frá 2012-2022.

Læsi - hvað er það? Ragnheiður Gestsdóttir rithöfundur og formaður Ibby á Íslandi spjallaði við okkur á sinn einlæga og skemmtilega hátt og útskýrði fyrir okkur hugtakið læsi sem oft er misskilið sem það að vera tæknilega læs en er í raun hugtak yfir það að geta lesið sér til skilnings og gagns. Hún ræddi líka um samstarf Ibby og Lions og þakkaði Lionsfélögum fyrir þeirra þátt í að bókina **NESTI OG NÝIR SKÓR** var gefin út.

Að skrifa sig til læsis: Sigrún Jóhannsdóttir talmeinafræðingur og framkvæmdastjóri TMF Tölvumiðstöðvar kynnti fyrir fundargestum

aðferð norska kennslufræðingsins Arne Trageton um að yngstu börnin læri að skrifa á lyklaborð tölvu og nota þannig kennsluaðferðina að skrifa sig til læsis í leikskólum og fyrstu bekkjum grunnskólans. Þessi aðferð er einnig góð leið til að kynna tölvuna sem verkfæri í kennslu. Arne Trageton segir að rannsóknir styðji að það sé léttara að læra að skrifa en að lesa og þess vegna sé gott að leyfa börnum að leika sér við að skrifa stafi á lyklaborð.

Lestur er ævilöng iðja: Hrefna Sigurjónsdóttir, framkvæmdastjóri Heimilis og skóla fræddi okkur um starf samtakanna og kynnti

Læsisáttmála þeirra sem gott hjálpartæki fyrir foreldra og kennara til að fá börnin til að lesa meira og hvetja foreldra til að lesa fyrir börn og hlusta líka á þau lesa þegar þau hafa náð tókum á lestrinum.

Um það bil 35 gestir sóttu málþingið að þessu sinni og lýstu margir ánægju sinni með gott málþing og þökkudu fyrir góða og skemmtilega fyrirlestra. Það verður að segjast eins og er að alltaf vill maður að fleiri fái að njóta fyrirlestranna sem voru mjög góðir eins og alltaf. Við sem skipulögðum málþingið viljum þakka Lionsfélagi í Lionsklúbbi Njarðvíkur, Hafsteini Ingibergssyni fyrir frábærar móttökur í Íþróttakademiunni þar sem við fengum afnot af fyrirlestrarsal endurgjaldslaust og öllum boðið upp á kaffi.

Lestraráttaksteymið stefnir á að halda annað málþing á Norðurlandi eftir áramót.




Hrund Hjaltadóttir



Ragnheiður Gestsdóttir rithöfundur.



Sigrún Jóhannsdóttir.



Frá glærusýningu.



Gestir á málþingi.



Þátttakendur á málþingi.



Hrefna Sigurjónsdóttir.



Aldarafmælið



Jæja þá er afmælisárið rétt um það bil að vera hálfnað, Aldarafmælisliðið er búið að mæta á nokkra svæðisfundi og er það gott mál. Billinn sem við fengum að láni hjá Öskju hefur verið notaður við nokkra viðburði, t.d. á Garðatorgi þegar klúbbarnir í Garðabæ störtuðu blóðsykurmælingaverkefninu. Afmælisnefndin og kynninganefndin hafa unnið náðið saman í haust enda erum við að vinna að miklu leyti að sömu málunum, að gera Lions sýnilegra, eitt af því sem við erum að vinna að er að halda Lions dag þar sem klúbbarnir eða svæðin kynna Lions og fyrir hvað við stöndum. Vonum við að þetta veiti athygli og hjálpi okkur með áframhaldið. Búið er að búa til svokallaða kynningastanda sem klúbbum stendur til boða að fá lánaða ef þeir eru með einhverja viðburði í gangi, hægt að nálgast þá á Lionsskrifstofunni eða hjá undirrituðum. Á fjöllumdæmisþinginu í vor verðum við með afmælishátíð þar sem við hvetjum alla Lionsfélaga til að taka þátt, þetta kemur í staðinn fyrir hið hefðbundna lokahófi!

Á afmælisárinu verður sjónunum beint að fjórum meginverkefnum Lions:

Sjónin, eins og alltaf verður lögð áhersla á að vinna með blindum og sjónskertum, en það er búið að vera stórt verkefni hjá okkur síðan Hellen Keller hvatti Lionsfélaga til að vera eins og hún kallaði það "Riddara hinna blindu".

Ungmennir, en eins og undanfarið munum við vinna áfram að ungmennaskiptum og lestrarátakinu.

Umhverfið, sumir hafa unnið að umhverfismálum eins og t.d. gróðursetningu, aðrir hafa haft það sem verkefni að hreinsa sitt nánasta umhverfi.

Hungur, því miður er það vaxandi vandamál víða um heim, hér heima sjáum við þetta verkefni á þann hátt að vinna gegn matarsóun og hvetja fólk til betri nýtingar á mat.

Ég óska ykkur öllum gleðilegra jóla.

*Pálmi Hannesson
Aldarafmælisstjóri Lions*



Vilji er allt sem þarf!

- endurminningar séra Vigfúsar Þórs prests og lionsmanns

Séra Vigfús Þór Árnason lét af störfum fyrr á þessu ári eftir að hafa þjónað sem sóknarprestur í 40 ár, fyrst á Siglufirði og seinni hluta starfsævinnar í Grafarvogi. Vigfús var lionsmaður í 40 ár og hefur oft farið ótroðnar slóðir og segir hér sögu sína, skráða af Ragnari Inga Aðalsteinssyni, hispurslaust og af hreinskilni, gædda því einstaka skopskyni sem honum er svo eðlislægt að beita.

Hér segir meðal annars frá:

- giftingu í sandkassa,
- sögulegri heimsókn „lyktandi“ guðfræðinema til Færeyja,
- ýmsum atburðum í lögregluinni,
- kynnum hans af Lionshreyfingunni og starfi sínu innan hennar
- jarðarför Gústa guðsmanns sem sjálfur hóf upp raustina í eigin kveðjustund,



- sáttafundum hjóna í ræstikompu,
- fyrstu klukknaðringunni í Grafarvogskirkju – sem ekki var af mannavöldum, - óvæntri diskóljósamessu.

VILJI ER ALLT SEM ÞARF er bæði bráðskemmtileg og fróðleg bók; kitlar hláturtaugarnar og veitir lesandanum jafnframt innsýn í starf prestsins, sem er fjölbreyttara en margur heldur.

Guðjón Ingi

Umhverfiskorn

Stundum notum við orðið *umhverfi* til að tala um veröldina í kringum okkur í mjög víðum en jafnframt óljósum skilningi, en stundum notum við það í þrengri merkingu, til dæmis þegar við tölum um *umhverfi á vinnustað* og höfum í huga innviði skrifstofubyggingar en til dæmis ekki götuna sem hún stendur við. Við notum orðið í enn afmarkaðri merkingu þegar við segjum að *umhverfi fóstursins sé hlýtt og notalegt* og eigum þá við legið þar sem það hvílir fram að fæðingu en til dæmis ekki það umhverfi sem móðirin býr í. Við spurningunni "Hvað er umhverfi?" er því ekkert einfalt svar.

En lítum aftur á víðustu merkingu orðsins umhverfi. Það er umhverfi í þessari merkingu sem fólk hefur í huga þegar það talar um umhverfisvernd eða umhverfisslys. Orðið *umhverfi* í þessu samhengi, er oft lagt að jöfnu við orðið *náttúra*, og til dæmis ekki gerður neinn greinarmunur á *umhverfisvernd* og *náttúruvernd*.

Heimild Vísindavefur HÍ og Páll Skúlason





Young
Ambassadors
of the
21st Century
European Award

Fulltrúi ungmenna á 21. öldinni Evrópsk samkeppni Lions Ungir leiðtogar, sem sinna góðgerðarmálum

Allir Lionsklúbbar geta sent keppendur sér að kostnaðarlausu

Nú er tækifærið, ungmenni sýna að þau hafa áhuga, en þurfa smá stuðning og hvatningu.

Vinnið endilega með ungu fólki í ykkar heimabyggð, og hjálpið þeim að ná árangri – það er rétti Lionsandinn

Umsóknarfrestur til 31. janúar 2017.

Ungir leiðtogar

Samkeppni Lions „Young Ambassadors“ er haldin á Evrópu Forum á hverju hausti. Keppnin er fyrir ungt fólk á aldrinum **15-18 ára**, sem sinna góðgerðarmálum og eru góðir fulltrúar ungmenna og málsvari fyrir sjálfboðastörf. Markmið með keppninni er að **viðurkenna, hvetja og styðja ungt fólk sem tekur virkan þátt í samfélagsverkefnum eða góðgerðarmálum í sínu nærsamfélagi, á landsvísu eða heimsvísu.**

Loksins á Íslandi

Forkeppni er haldin á Íslandi í vetur og íslenski sigurvegarinn sendur í aðalkeppnina á Evrópu Forum 2017. Allir keppendur fá sérstaka viðurkenningu. Íslenski sigurvegarinn fær farandbikar á fjöllumdæmisþingi í Reykjavík 22. apríl 2017, ásamt peningaverðlaunum, 150.000 kr. Sigurvegarinn fer síðan sem fulltrúi Ísland í aðalkeppnina á Evrópu Forum í Montreux, Sviss, 28. -30. september 2017. Hann kynnrir árangur inn á liðnu ári og tekur síðan þátt í að verðlauna arftaka sinn á fjöllumdæmisþingi í á Íslandi 2018.



Hverjir mega taka þátt?

Ungmennin þurfa að hafa náð 15 ára aldri, en ekki orðin 19 ára 30. júní 2016. Þau sinna góðgerðarmálum, sem þau skipuleggja og vinna að, e.t.v. í samstarfi við aðra. Þau eiga að geta skýrt vel frá verkefnum sínum á þremur mínútum á íslensku og ensku, bæði í viðtali og úr ræðustóli. Þau sýna áætlun um það, hvernig þau myndu nýta verðlaunaféð: A) Íslensku verðlaunin. B) Evrópsku verðlaunin.

Verðlaunafé

Íslenskur sigurvegari fær 150.000 kr. Á Evrópu Forum eru veitt þrenn verðlaun: 1. verðlaun eru 3.500 Evrur, 2. Verðlaun 1.000 Evrur og 3. Verðlaun 500 Evrur. Verðlaunaféð á sigurvegarinn að nota til að styðja við verkefni sitt, eða fyrir þjálfun til að geta betur framkvæmt áætlun sína. Verðlaunaféð er ekki ætlað til persónulegra þarfa ungmennisins. Sigurvegarinn kemur aftur á næsta fjöllumdæmisþing og segir frá því, hvernig verðlaunaféð var notað og afhendir næsta sigurvegara farandbikarinn.



Hvernig verkefni hafa unnið?

Nokkur dæmi: Aðstoða eldri borgara við tölvunám og tölvunotkun Unnið með börnum sem standa höllum fæti í samfélaginu. Aðstoð við fólk með andleg veikindi og í sjálfsvígshættu. Sumarbúðir fyrir sykursjúk ungmenni. Súpueldhús fyrir heimilisláusa í Suður Afríku og í Bretlandi. Aðstoð við börn á stríðshráðum svæðum, m.a. við menntun.

Ávinningur Lions

Hugmyndir frá ungmennum og frá þeirra frábæru verkefnum. Smitast af krafti og umhyggju ungmenna, sem vilja hjálpa þeim sem minna mega sín, frekar en þeim sjálfum. Nýir ungir vinir, sem með foreldrum sínum og vinum gætu orðið hluti af Lionsfjölskyldunni.

Guðrún Björt Yngvadóttir, Alþjóðavaraforseti Lions

Lýsum þeim sem ljósið þrá, en lifa í skugga.

LCIF er alþjóðarhjálparsjóður Lions

Kæru Lionsfélagar.

Lionsárið er nær hálfnað, en of hægt hefur gengið að safna fé í okkar ágæta hjálparsjóð. Staðan er þannig í dag, að við Íslendingar höfum fengið meira úr sjóðnum en við höfum lagt inn.

Ég hvet Lionsfélaga að fjalla um málið og að allir leggist á eitt, að sérhver Lionsklúbbur styrki sjóðinn. Í dag eru aðeins 6% Lionsfélaga sem styrkja sjóðinn, en 60% af öllum framlögum koma frá Asíu.

Markmiðið er að hver Lionsfélagi styrki sjóðinn að meðaltali um 22 dollara á ári, það er að meðaltali um 2.500 kr. á féлага eða um 50.000 krónur á 20 manna klúbb. Stefnum að því að ná þessu takmarki.

Við LCIF fulltrúarnir Kristín Þorfinnsdóttir í 109 A og Kristinn Hannesson í 109 B hvetjum ykkur til þess, í tengslum við 100 ára afmæli Lions erum við að undirbúa nýja umsókn til LCIF, til að styrkja barnadeild Landsspítalans og stefnum að tækjakaupum til að styrkja rannsóknir á sykursýki barna. Sennilega er kostnaðurinn um 50 þúsund dollarar, verið er að skoða möguleikana.

*Takk fyrir og gleðileg jól
Jón Bjarni Þorsteinsson
LCIF-stjóri fjöllumdæmisins*



**Lions Clubs International
FOUNDATION**

Sviðaveisla Lionsklúbbsins Muninn

Lionsklúbburinn Muninn var með sviðaveislu þann 7. október sl. er það í fyrsta skipti sem klúbburinn er með slíkt fjáröflunarverkefni. Það verður að segjast eins og er að þetta tókst í alla staði frábærlega, góður matur heit og köld svið, heit kartöflustappa og köld rófustappa enda ekki von á öðru þegar svona herramannsmatur er á boðstólnum. Gísli Einarsson fréttar- og sjónvarpsmaður og skemmtikraftur fór á kostum sem veislustjóri. Þá voru seldir happdrættismiðar og gengu þeir allir út og þar á meðal 50 vinningar sem í boði voru. Verðmætasti vinningurinn

var tveggja náttu gisting á Comfy Guesthouse Suðureyri við Súgandafjörð og sjávarréttasmakk hjá Fishermann á Suðreyri. Auk margra annara flottra vinninga allt frá málverkum, heimilstækjum og borvélum til vínflaskna.

*Með kveðju
Fh. Lkl. Muninn
Daniel G. Björnsson, blaðafulltrúi.*



Frábær dagur í skíðabrekkunum

Ljósmyndir: Victoria Weeks

Blind börn heyra iðulega aðvörunarorð frá fólki sem vill þeim vel: “Vertu varkár”. “Hægðu á þér”. “Þú getur meitt þig.” Í skíðabrekkunum er öryggið númer eitt. Síðan enduróma brekkurnar af hlátri og gleðihrópum, og stoltið leynir sér ekki þegar börnunum tekst að ráða við – eða a.m.k. að reyna við - nýja þraut. “Mörg þeirra hafa aldrei farið svona hratt, nokkru sinni,” segir Donna Brown, Lionsfélagi og kennari við West Virginia skólann fyrir blinda og heyrnarlausa. “Ef þau detta ekki ýtir það undir sjálfstraustið, og þegar þau að lokum skíða sjálf (án þess að halda í staf hjá viðurkenndum leiðbeinanda) skíða þau eins og allir aðrir”. Í næstum fjörutíu ár hafa Lionsfélagar í West Virginia staðið fyrir skíðadögum fyrir blinda og sjónskerta og síðar einnig fyrir heyrnarlausa. Veðrið er ekki alltaf hagstætt og hitamælirinn á það til að fara langt niður fyrir frostmark. En ekkert jafnast á við dag í brekkunum, a.m.k. finnst börnunum það. “Sjálfr er ég hrifnari af skíðagöngu,” segir Donna, sem er blind. “Hún hentar mér betur”.



Ski-1 Viðurkenndur leiðbeinandi skíðar með barni. “Skíðaiþróttin hjálpar þeim að þjálfa ratvísi og hreyfanleika”, segir Christine Lewis, félagi í Morgatown Lionsklúbbnum.

Ski-2 Það krefst æfingar að rata niður brekkur Timberline svæðisins í Davis þar sem síðasti skíðadagurinn fór fram. En í lok dags gátu nokkur barnanna, a.m.k. þau sem höfðu einhverja sjón, skíðað án leiðsögumanns.



Ski-3 Vináttubönd myndast í brekkunum. Heitt súkkulaði í skíðaskálanum og pizza-party að kvöldi styrkir böndin.

Ski-4 Hvíldarstund fyrir leiðbeinanda.

Ski-5 Að láta skíðalyftuna flytja sig upp brekkuna er næstum því eins skemmtilegt og að skíða niður.

Þýðing: Edda Briem



Bætt lestrarkunnátta í Suður Súdan

Ístríðshrjáðu Suður Súdan þurfa stúlkur og konur oft að fara langar lívegalemdir að næsta vatnsbrunni. Þar þurfa þær svo að bíða í langri biðröð, oft í marga klukkutíma, áður en þær get fyllt á vatnsílátin og borið þau til baka aftur. Þetta mikilvæga verkefni tekur mikið af þeirra tíma þannig að ekki gefst mikill tími fyrir skólagöngu eða lærdóm. Þessi daglegu störf hafa því slæmar afleiðingar fyrir menntun þeirra.

Hvergi í heiminum er lestrarkunnátta kvenna jafn léleg og í Suður Súdan. Það kemur heldur ekki á óvart að hvergi í heiminum er mæðradauði jafn hár. Rannsóknir UNICEF hafa einnig leitt í ljós að menntunarstig mæðra hefur mikil áhrif á heilsu barna þeirra. Í Suður Súdan er líklegra að kona látist á meðgöngutíma en að hún ljúki grunnmenntun. Auk þess deyr eitt af hverjum 10 börnum áður en það nær 5 ára aldri.

Lions og Alþjóðahjálparsjóðurinn, LCIF, eru að vinna að hagnýtri lausn til að bæta lestrarkunnáttu í landinu. LCIF hefur veitt Core 4 styrk í verkefnið sem felst í því að nýta tímann meðan stúlkurnar og konurnar bíða við vatnsbrunnana til að kenna þeim að lesa og skrifa. Verkefnið gerir ráð fyrir að þær sem læra lestur og skrift við vatnsbrunnana geti svo kennt þeim sem heima sitja. Verkefnið er unnið í samvinnu við LATW sem sér um þjálfun og ráðningu hæfra kennara.

LATW er stofnað í Bandaríkjunum og hefur síðan 2008 sinnt verkefnum í Bahr el Gahazal héraði í Suður Súdan. LCIF styrknum er sérstaklega ætlað að sinna lestrarátaks verkefnum í Aweil, fjölmennustu borg héraðsins.

Um það bil 1.000 stúlkur og konur fá nú kennslu í hverri viku. Auk þess að kenna þeim lestur og skrift er lögð áhersla að þjálfa nýja kennara og einnig að kenna ákveðnum hópum (t.d. lögreglu, heilbrigðisstarfsfólki og sjálfboðaliðum) lestur og skrift.

Verkefnið í Suður Súdan er mikil áskorun. Í landi þar sem mikil fátækt ríkir, stríð hefur staðið yfir í áratugi og allir innviðir í lamasessi.



Börn með vatnsílát

Aðeins örfá héruð hafa rennandi vatn, rafmagn, skóla eða heilsugæslu.

Landið fékk sjálfstæði 2011 og friðarsamningar sem gerðir voru í ágúst 2015 hafa ekki haldið. Samningarnir áttu að binda enda á borgarastríðið sem hófst 2013 og hefur orðið tugþúsundum að bana.

Skelfilegar aðstæður á svæðinu gera verkefni Lions enn mikilvægari. Bætt lestrarkunnátta getur leitt af sér bættan hagvöxt og hugsanlega orðið hornsteinn að bættu lýðræði. Fjölskyldur með góða lestrarkunnáttu (meiri þekkingu) lifa við betra heilsufar.

Þær eru líka ólíklegri til að sætta sig við kúgun og eru hæfari til að hjálpa öðrum.

Bætt lestrarkunnátta leiðir af sér betra líf.

Þýðing: Kristinn Hannesson

Fréttir af Lionsklúbb Seltjarnarness

Við hjá Lionsklúbb Seltjarnanes vorum að merkja og koma í sölu jóladagatölum fyrir þessi jól eins og við höfum gert undanfarin ár. Þetta er okkar aðal fjárflokkurleið sem hefur gengið nokkuð vel. Starfið í klúbbnum hefur gengið mjög vel og höfum við styrkt ýmis góð málefni.

Kvæðja, Jón Páll Ásgeirsson



Norrænir Lionsfélagar hittast



Árlegt þing Norræna Samstarfsráðsins, NSR, verður haldið á Hótel Sögu 20.-21. janúar næstkomandi. Þingið sækja Lionsfélagar frá Íslandi, Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Finnlandi. Þingnefnd skipa Þór Steinarsson úr Lkl Fjörgyn, Margrét Jónsdóttir úr Lkl Fold og Hörður Sigurjónsson úr Lkl Nirði.

Innan NSR fer fram samstarf Lionsfélaga norðurlandanna m.a. árleg hjálparverkefni, unglingskipti, þátttaka í alþjóðastjórn Lionshreyfingarinnar, sameiginleg framganga á alþjóðþingum o.fl.

Gegnum samvinnu mynda norrænu Lionsfélögin hóp sem hlustað er á á alþjóðavettvangi Lions. Íslenskir Lionsfélagar hafa nokkrum sinnum átt fulltrúa í alþjóðastjórn Lions. Þetta hefur verið hægt með samstarfi við norðurlöndin, ein sér hefðum við ekki bolmagn til að eiga fulltrúa á þeim vettvangi. Og núna eigum við 2. varaforseta alþjóðahreyfingarinnar Guðrún BYngvadóttir sem eftir 2 ár verður fyrsta konan til að gegna embætti alþjóðaforseta Lions.

Starfsárið 2016-2017 leiðir Ísland starf NSR. Árni B Hjaltason fjölumdæmisstjóri er formaður CC-hóps NSR og Hrund Hjaltadóttir er formaður AU-nefndar innan NSR. Þau tvö starfa náið með þingnefnd NSR-þingsins hvað varðar alla dagskrá þingsins.

Erlendir þátttakendur koma flestir til landsins fimmtudaginn 19. janúar. Föstudagurinn hefst með vinnufundi AU-nefndarinnar undir forsæti Hrundar Hjaltadóttur og þar á eftir er vinnufundur CC-hópsins undir forsæti Árna B Hjaltasonar. Á föstudagsmorgninum er einnig námstefna um alþjóðasamstarf undir forsæti Árna Viðars Friðriksson.

Formleg þingsetning verður í Neskirkju föstudaginn 20. janúar 2017 klukkan 13:00. Forseti Íslands Guðni Th Jóhannesson hefur þegið boð um að ávarpa þingfulltrúa og gesti við þingsetninguna. Þar á eftir verða námsstefnur um Börn í vanda sem Brynja Vigdís Þorsteinsdóttir leiðir og námstefna um konur í Lions sem Eva Person leiðir. Á sama tíma

verður makadagskrá. Um kvöldið er svo kynningarkvöld sem haldið verður í Súlnasal Hótel Sögu.

Laugardagurinn hefst með fræðslu fyrir viðtakandi formenn umdæmisstjóraráða (VCC) NSR sem Marcus Flaaming annast.

Á laugardeginum verður umfjöllun um aðalerindi þingsins “Where have Lions been last 100 years and where to should Lions head the next 100 years?”. Aðalræðumaður er Svein Berntsen frá Noregi fyrrum alþjóðastjórnarmaður.

Að því loknu er sjálft NSR-þingið með hefðbundnum þingstörfum. Að loknu þingi mun Árni B Hjaltason afhenda formanni sænska umdæmisstjóraráðsins Farandvíkinginn sem Guðmundur Helgi Gunnarsson sótti til Finnlands fyrir ári síðan.

Lokahóf þingsins er svo á laugardagskvöldinu og verður það haldið í Súlnasal Hótel Sögu,

En þinghaldið er ekki eingöngu til að ræða þessi málefni heldur gefst þar einnig tækifæri á að mynda vinatengls og skiptast á skoðunum um fjölmörg málefni utan við hið eiginlega Lionsstarf. Ég hvet alla lionsfélaga til að líta við á kynningarkvöldinu föstudaginn 20. janúar. Miðar fást með því að senda Margréti Jónsdóttur skilaboð á netfangið, maggaj@mmedia.is.

Þeim sem hefðu áhuga á að sækja sjálft þingið er bent í heimasíðu Lionshreyfingarinnar. Þar er aðgengilegt skráningar eyðublað. Einnig er hægt að senda rafpóst á Margréti Jónsdóttur, maggaj@mmedia.is.

*f.h undirbúningsnefndarinnar
Þór Steinarsson*



Söngelskir finnar á NSR 2012.



NSR vikingurinn.

Stuðningsmerki

Lionsklúbburinn Ásbjörn hefur látið framleiða stuðningsmerki við framboð Guðrúnar til alþjóðaforsetakjörs.

Merkið er gullfallegt og hannað í samráði við Guðrúnu. Merkin eru gefin út í 1.000 eintökum og kostar kr. 2.000 Nánari upplýsingar á Lionsskrifstofunni.



Myndir úr náttúrunni

Lions-ljósmyndarar

Lions á Íslandi á marga fjölhæfa einstaklinga í sínum röðum, þar á meðal afburða ljósmyndara. Lionsfélagar eru hvattir til að sýna hvað í þeim býr og taka þátt í alþjóðlegu ljósmyndasamkeppni Lions, sem við Íslendingar munum nú í sjöunda sinn taka þátt í. Það er nóg af tækifærum til að taka ljósmyndum í náttúrunni.



Alþjóðleg ljósmyndasamkeppni Lions

Lionsfélagar geta tekið þátt í alþjóðlegu Lions ljósmyndasamkeppninni „Lions Environmental Photo Contest“. Keppnismyndin þarf að vera frummynd, óbreytt, svart-hvít eða litmynd úr náttúrunni – það fer vel á myndir séu úr umhverfi klúbbsins. Árið 1972 samþykkti alþjóðastjórn Lions stefnuyfirlýsingu í umhverfismálum. Markmiðið með keppninni er að sýna fegurð náttúrunnar og kynna umhverfisverkefni Lions.

Dómnefnd metur myndirnar eftir frumleika, listrænum eiginleikum og túlkun á myndefni. Lionsfélagar geta sent ljósmyndir úr sínu umhverfi (án fólks) í einum af eftirfarandi flokkum:

1. Dýralíf
2. Plöntulíf
3. Landslag úr borg eða náttúru
4. Veðrafyrirbrigði
5. Draumur um fullkomlega heilbrigt umhverfi (virði umhverfis okkar í dag og á morgun).



Lionsklúbbur velur og sendir vinningsmynd klúbbsins á Lionsskrifstofuna, í umslagi merkt: **Ljósmyndasamkeppni Lions**. Í lokuðu umslagi með myndinni er skráð nafn Lionsklúbbs og ljósmyndara ásamt síma og netfangi. Myndin á að vera útprentuð: 8"×10" eða 20,3 x 25,4 cm. **Frestur til að skila inn mynd er til 31. janúar 2017.**

Íslenskum sigurvegum (vinningsmyndum) verða veittar viðurkenningar á þinginu í vor í öllum fimm flokkunum. Einnig verða þær birtar í Lionsblaðinu, á vefsíðu Lions og sýndar á þingstað. Ein mynd verður valin og send út í alþjóðlegu ljósmyndasamkeppnina.

Alþjóðasamband Lionsklúbba „LCI“ sýnir myndirnar á alþjóðþinginu sumarið 2017. Skráðir þátttakendur á þinginu geta greitt atkvæði um „bestu myndina“. Sigurvegarar í hverjum flokki fá viðurkenningu. Sex myndir verða birtar á vefsíðu LCI, þ.e. vinningsmyndir úr flokkunum fimm, ásamt „bestu myndinni“ að mati þinggesta. Úrval mynda mun birtast í Lions-Almanaki, sem gefið er út árlega til styrktar LCIF.

Alþjóðlega vinningamyndin mun prýða forsíðuna á Lions-Almanakinu 2017.

Upplýsingar

Klúbbar eða Lionsfélagar sem hafa áhuga eða vilja fá nánari upplýsingar, geta haft samband Kristófer Tómasson, netfang: kristofer.tomasson@gmail.com

Vakin er athygli á að Lionsljósmyndarar bera sjálfir kostnað við myndatökur og framköllun. Vinningsmyndir verða eign LCI – Alþjóðasambands Lionsklúbba. LCI áskilur sér rétt til að hafna keppnismyndum sem uppfylla ekki keppnisreglur, þykja óviðeigandi eða ósæmilegar

Guðrún Björt Yngvadóttir verðandi alþjóðaforseti Lions óskar sérstaklega eftir myndum frá Íslenskum lionsfélögum. Hún mun leitast við að nota myndir Íslenskra lionsfélaga í sínu kynningarefni.

Kristófer Tómasson

Lkl Geysi

Kristofer.tomasson@gmail.com sími 482-2882 og 861-7150



Sykursýkisvarnir Lions

Ég óska Lions á Íslandi til hamingju með frábæran árangur í blóðsykurmælingum í síðasta mánuði, en nóvember er mánuður sykursýkisvarna hjá Lions. Meirihluti Lionsklúbba í báðum umdæmum tóku þátt í þessu átaki okkar, að vekja fólk til umhugsunar um hættuna á sykursýki.

Tæplega 5.000 þúsund manns komu í blóðsykurmælingu í þessu átaki okkar og fengu upplýsingabæklinginn "Gengur þú með dulda sykursýki?", sem Lions gefur út til að vekja athygli á vágustinum. Kynningin var yfirleitt góð og Lionsfélagar fengu hrós fyrir gott framtak. Þetta verkefni hefur fest sig í sessi og markmiðið er að halda áfram á sömu braut næstu árin.

Lítum á árangurinn. Nokkrir voru með hátt blóðsykurgildi og fengu nú vitneskju um að hætta er á ferðum og verða að fylgjast gaumgæfilega með blóðsykri sínum. Aðrir munu hugsa sitt ráð, hreyfa sig meira, heilbrigðari lífsstíl og reyna að grenna sig, sem er mikilvægt gegn þessum vágesti. Þjóðfélagslegur ávinningur. Blóðsykurmæling í viðurkenndu apóteki kostar 990 krónur og fyrir aldraða og ellilífeyrisþegar 745. Þetta



Lions vinnur gegn sykursýki

þýðir að við höfum nú gefið til samfélagsins sem svarar 4 milljónum 850 þúsund krónur, reiknað út frá þessum forsendum. Þetta geta klúbbar nú fært inn í verkefnaskýrslur sínar.

Til hamingju kæru Lionsfélagar og sérstakar þakkir vil ég færa þeim sykursýkisfulltrúum okkar Herði í umdæmi 109 A og Birgi í umdæmi 109 B, ásamt öllum þeim mörgu Lionsklúbbum sem tóku þátt í áttakinu.

Jón Bjarni Þorsteinsson heilbrigðisfulltrúi fjöllumdæmisins.

Lkl. Þernan styrkir bleiku slaufuna

Ár hvert halda Lionsklúbbar kvenna á Snæfellsnesi samfund. Þetta eru Lkl. Harpa Stykkishólmi, Lkl. Rán Ólafsvík og Lkl. Þernan Hellissandi. Í ár var fundurinn haldinn hjá okkur 14. október sl. Að sjálfsgöðu var bleikt þema og í tengslum við þennan fund ákváðu Þernukonur að styrkja BLEIKU SLAUFUNA. Allar konur fengu að gjöf handmálaða steina sem formaður okkar gaf klúbbum. Við ákváðum síðan að láta upphæð sem samsvarar andvirði handmáluðu steinanna renna í söfnunina BLEIKU SLAUFUNA..

Alltaf er kátt á hjalla á þessum fundum, og er vel við hæfi að tengja þessa gleði við BLEIKU SLAUFUNA, sem er tákn Krabbameinsfélagsins í baráttunni gegn krabbameini hjá konum. Björg Bára Halldórsdóttir umdæmisstjóri 109 B var að sjálfsgöðu með okkur á fundinum og ávarpaði hún okkur. Björg Bára er félagi í Lkl. Rán.

Við tókum þátt í að halda Nesball, ásamt Lkl. Ólafsvíkur, Lkl. Rán og Kvenfélagi Hellissands. Þetta er skemmtun sem haldin er

fyrir „Heldri borgara“ á Snæfellsnesi. Þetta tókst vel, góður matur og hljómsveitin Ungmennafélagið hélt uppi stuðinu. Þetta er mjög ánægjulegt samstarf milli þessara féлага sem gaman er að taka þátt í.

Fyrsta vetrardag buðum við heimilisfólki á Dvalarheimilinu Jaðri upp á að spila bingó. Þetta er árviss viðburður og eitt af okkar „uppáhalds“ Það er alltaf jafn gefandi og gaman að taka þátt í að spila og njóta svo góðra veitinga í boði klúbbsins okkar á eftir.

Á síðasta starfsári tókum við upp þá nýbreytni á fundum, að ein af okkur segir frá sjálfri sér. Á nóvemberfundinum var það Sirrý Gunnarsdóttir sem sagði okkur frá sínum uppvaxtar árum og allt til dagsins í dag. Þetta er mjög skemmtilegt og vonandi verður þetta fastur liður hjá okkur.


Jólafundurinn verður með breyttu sniði í ár. Undanfarin 13 ár höfum við haldið jólafundinn í heimahúsi, hafa konur þá skipst á að bjóða heim. Í ár er áætlað að halda hann með félögum í Lionsklúbba Nesþinga og bjóða

mökum með. Gaman verður að sjá hvernig þetta mælist fyrir. Alltaf gaman að prufa eitthvað nýtt.

Þorralótsnefndin okkar er búin að funda með félögum sem taka þátt í að halda þorralót og ákveðið er að halda blótið 11. febrúar n.k.

Starfið okkar er í blóma og verður vonandi áfram. Félagar eru 29, þar af 2 nýir, og breiður aldurshópur. Að lokum óskum við öllum nær og fjær gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

F.h. Lkl. Þernunnar Steinunn Júlíusdóttir Blaðafulltrúi Þernunnar



Lionsfélagi mánaðarins „Loftlausir erum við ekki til neins“

Nafn, aldur og starf:

Birgir Þór Þórðarson 65 ára. Sjálfstætt starfandi bifvélavirki

Nafn maka:

María Alfreðsdóttir

Heimili:

Stekjarhvammur 3 (Betribær) Reykjahverfi við Húsavík

Ökutæki:

Volvo XC 70

Klúbburinn minn:

Lionsklúbbur Húsavíkur

Hver eru helstu viðfangsefni klúbbsins? Fjáraflanir, ásamt samfélagsverkefnum sem og heilbrigðismál svo sem skimun fyrir krabbameini í ristli og endaparmi, blóðþrýstings og blóðsykurmæling í 4 sveitarfélögum, alltaf í samvinnu við HSN á Húsavík. Þátttaka í hreinsunarstarfi á Húsavík og uppsetningu á jólatré við sjúkrahúsið og dvalarheimilið Hvamm, eins leggjum við Styrktarfélagi Heilbrigðisstofnunarinnar lið. Síðan reynum við að skemmta okkur bæði einir saman og með mökum okkar, en jólafundurinn hjá okkur er mögnuð skemmtun ásamt furðufiskakvöldi. Ekki er hægt að sleppa því að segja aðeins frá þessu merka frumkvöðla starfi sem Lkl. Húsavíkur og HSN á Húsavík hafa unnið að í 5 ár og búið er að samþykka að halda áfram með næstu 5 ár. Það er Ristilspeglunarverkefnið, sem við erum frumkvöðlar í, þar bjóðum við öllum 55 ára einstaklingum á svæði HSN á Húsavík bæði körlum og konum í ókeypis skoðun, hver einstaklingur sem verður 55 ára á ári hverju fær boðskort frá Lk. Húsavíkur um að mæta í skoðun að undangengnu símaviðtali við hjúkrunarfræðing á skimunardeild, sem metur hvort eða hvenær viðkomandi á að mæta.

Fjáröflun: Okkar stærsta fjáröflun er ljósakrossa verkefnið í kirkjugarðinum á Húsavík þar erum við með 430 krossa sem lýsa um aðventu og jól, þá er síldarniðulagning sem er mjög vinsæl.

Sérkenni: Sérkenni mín eru, Skeggjaður feitur karl, en ef átt er við klúbbinn þá er þetta karlklúbbur sem vill bara vera karlklúbbur, engar konur í minn klúbb eins og aldursforseti klúbbsins sagði.

Hvað er eftirminnlegast úr klúbbstarfinu? (Má vera neyðarlegt) Það er þrennt sem stendur uppúr. Stofnun vinaklúbbs okkar í Færeyjum Lc. Suðurojar það var hreint ógleymanleg heimsókn, og heimsóknir félaga úr Lkl. Þengli sáluga á jólafundi og heimsóknir okkar til þeirra á þorranum. Síðast en ekki síst þegar við eignuðumst eigið húsnæði, Lionshúsið Bakka. Svo má nefna eina uppákomu sem gleymist seint, það er þegar við vorum að setja niður ljósakrossa í kirkjugarðinum og verið var að prófa hvort ekki kæmi ljós á alla krossana, þá kallar Haukur heitin Logason“ hér er einn dauður“ þá svarar Haukur heitin Ákason rafvirki,“ eru þeir ekki allir dauðir nafni,“ og átti þá við þá sem hvíldu í garðinum.

Fyrir hvað ertu stoltastur af að vera Lionsfélagi? Það eru þau samfélagverkefni sem klúbburinn hefur unnið að og svo Ristilverkefnið okkar.

Viltu breyta einhverju í klúbbnum ? Já ég vil helst að fá fleiri yngri menn í klúbbinn, án þess þó að missa þessa góðu gömlu félaga sem búnir eru að halda þessum klúbbi gangandi í 50 ár.



Hvers vegna ert þú Lionsfélagi og hvað ertu búin að vera lengi Lionsfélagi? Vegna þess að mér finnst að ég geti gert gagn, bæði í klúbbnum mínum og í samfélaginu sem Lionsfélagi, auk þess að það er mjög notalegt að finna það þakklæti sem við finnum fyrir, þegar klúbbfélagar hafa gert eitthvað fyrir samfélagið og einstaklinga. Á þessu starfsári hef ég verið í klúbbnum í 40 ár.

Hvað myndir þú gera ef þú værir einráður í klúbbnum? Ég mundi ummörða spurninguna, hvernig heldurðu að klúbbur þinn væri ef þú værir einráður í klúbbnum? svar: þá væri ég sennilega eini félaginn.

Hver er uppáhalds maturinn þinn? Að sjálfsgöðu Lambakótelettur að hætti Kótelettufélags Íslands, hvað annað?

Hver eru áhugamálin hjá þér? Þau eru nokkur, svo sem fjölskyldan, barnabörnin. Lions, Kótelettufélag Íslands, og matargerð ýmiskonar.



Hver er munurinn á Suður-Þingeyingum og Norður-Þingeyingum? Ég held að Mývetningar séu öðruvísi en aðrir Þingeyingar. Annars er þetta nokkuð ruglingslegt þegar stærsti byggðarkjarninn í suður-sýslunni heitir ásamt norðursýslunni „Norðurþing“ Annars var vilji til þess að sameina Húsavík, Reykjahverfið og Aðaldal á sínum tíma, en þá hefði þetta sveitarfélag að sjálfsgöðu heitið Aðalreykjavík

Er það satt að það sé meira loft í Þingeyingum en öðrum Íslendingum? Það er nú líklega mikið til í því, en eitt er víst að loftlausir erum við ekki til neins, einu sinni var einhver metingur á milli Akureyringa og Húsvíkinga og var þá spurt Hvað hafa Húsvíkingar fram yfir Akureyringa? Og því svaraði Ósk Þorkelsdóttir svona

Við allt höfum umfram þá slóða afburða mannlíf og gróða.

Þeir eiga þó eitt sem ei verður breytt.

Nálægð við nággranna góða.

Ósk Þorkelsdóttir.

Að lokum.

Ég vona að allir landsmenn eigi gleðileg jól og gott nýtt ár og hægt verði að hjálpa þeim sem um sárt eiga að binda. Í þessu landi á engin að þurfa að vera svangur.

Lionsklúbburinn Týr - Golf á Spáni



PCC Kristján Kristjánsson, IP Bob Corlew og PCC Luis Domínguez.



Kristján og Benedikt tengdasonur.

Ferð á Heims- og Evrópumót Lions International haldið á Almenara golfvöllinum í Sotogrande skammt frá Gíbraltar á suður Spáni, þann 1. – 6. nóvember 2016

Undanfarin þrjú ár hafa lionsmenn á suður Spáni staðið fyrir Heims- og Evrópumóti Lions International.

Mótið er haldið til styrktar Lions International. Það er gert með því að annars vegar eru mörg fyrirtæki stór og smá styrktaraðilar mótsins og hins vegar að nokkur fyrirtæki og einstaklingar gefa vegleg verðlaun. Þátttakendur greiða svo hver fyrir sig, bæði vallargjöld og hótélkostnað.

Mótið er opið mót og þannig opið öllum hvort sem viðkomandi er Lions eða ekki. Ég átti þess kost að taka þátt í mótinu að þessu sinni ásamt tengdasyni mínum Benedikt Sigurbjörnssyni.

Mótið byrjaði með gala-dinner fyrsta kvöldið þar sem þátttakendur kynntu sig og voru boðnir velkomnir. Þarna mættu alþjóðaforseti Lions International Bob Corlew, og PCC Luis Domínguez fyrir Fjölmudæmi 116. Bæði Bob og Luis fluttu góðar hvatningaræður og hrósuðu Lions mönnum á staðnum fyrir afar gott framtak. Það voru þýsk lionshjón sem stjórnðu mótinu.

Æfingahringirnir voru skemmtilegir og gáfu kost á að kynnst nokkrum þátttakendum frá öðrum löndum. Vellirnir eru hins vegar erfiðir, margar brautir eru þröngar og miklar hættur til hliðanna, annað hvort OB, djúp gil eða vötn og svo auðvitað eitthvað af trjáum.

Í mótinu var keppendum skipt upp í þrjá flokka eftir forgjöf, þannig að kylfingar með forgjöf á þriðja tug áttu líka möguleika á góðum verðlaunum. Fjöldi þátttakenda voru 64, en auk þess voru mættir margir makar.



We Serve

Mótið tekur tvo daga. Heimsmótið er fyrri daginn þar sem tveggja manna lið keppir fyrir sitt land og spilaður er betri bolti. Evrópumótið er seinni daginn en þá er einstaklingskeppni, Stable Ford punktar. Dagana fyrir mótin eru spilaðir tveir til þrjár æfingahringir til að kynnst völlum og hita sig upp. Þrátt fyrir að komið væri fram í nóvember var veðrið afar gott, oftast sól eða léttskýjað og hitinn um 18 – 22 gráður.

Við völlinn, sem er 27 holu völlum, er glæsilegt hótél með sundlaug, heilsuástöðu og æfingasölum. Almenara gólfvöllurinn er við hliðina á hinum fræga Valderama golfvelli.

Við Benedikt lentum í miðflokknum og gerðum okkar besta. Ég ætla ekki að hrópa húrra fyrir árangrinum en við lentum þó rétt ofan við miðju í okkar flokk.

Á loka kvöldinu var aftur gala-dinner þar sem líka voru vörुकynningar og síðan verðlaunaafhendingar.

Verðlaunin voru ekki af verri endanum. Svissneskur úraframleiðandi gaf niðþung armbandsúr sem fyrstu verðlaun í hverjum forgjafarflokki og síðan var lítill „Smart“ bíll í verðlaun fyrir það lið sem vann heimsmótið. Að auki var hægt að vinna Benz bifreið fyrir holu í höggi á einn brautinni.

Mótið var afar vel skipulagt og umgjörðin öll til mikillar fyrirmyndar. Kostnaður við mótið var um 170 – 200 þús. fyrir utan ferðir, eftir því hvort tekin var fimm daga eða sjö daga pakki.

Ég get alveg mælt með því við íslenska Lions menn sem spila golf að æfa vel næsta sumar og taka svo þátt í þessu móti næsta haust. Mótið verður auglýst í apríl/maí og gott er að skrá sig fyrir miðjan júní til að fá besta veðrið.

Kristján Kristjánsson Lkl. Týr



Einn af verðlaunagripunum!



Fréttir frá Lionsklúbbnum Fold

Á fundi hjá Foldarkonum í apríl s.l. var Anna Svandís Margeirsdóttir gerð að Melvin Jones félagi sem hún átti svo sannarlega skilið. Anna Svandís er ein af stofnfélögum Lkl. Foldar og hefur alla tíð unnið óeigingjarnt starf fyrir klúbbinn m.a. verið fjórum sinnum gjaldkeri. Við Foldarkonum óskum henni til hamingju með viðurkenninguna.

Síðast liðið vor enduðu Foldarkonur og makar svo Lionsstarfið með því að takast á hendur dagsferð til Vestmannaeyja. Ferðin heppnaðist í alla staði vel og ekki spilltu veðurguðirnir fyrir ánægjulegri upplifun. Ýmsir staðir á Heimaey voru skoðaðir og var leiðsögumaður í ferðinni um eyjuna Gísli Óskars-son sem er hafsjór af fróðleik og skemmtilegur maður. Sennilega verður heimsókn í Eldheima, sem er safn um gosið í Vestmannaeyjum eftir-minnilegast. Á heimleiðinni var svo haldinn stjórnarskiptafundur á veitingastaðnum Frost og Funa í Hveragerði þar sem einn nýr félagi var tekinn inn í klúbbinn.

Á haustmánuðum hefur ýmislegt verið á döfnni hjá Foldarkonum. Þann 28. okt var haldið „Dömkvöld“ sem er stærsta fjáröflun klúbbsins. Fyrir fram var ákveðið að samtökin „Einstök börn“ nytu góðs af hagnaði kvöldsins en þetta er í annað sinn sem þau samtök verða fyrir valinu. Styrknum skal varið til að halda námskeið fyrir foreldra og systkini „einstakra barna“. Foldarkonur og gestir þeirra skemmtu sér konunglega undir veislustjórn Margrétar Erlu Maack og runnu happdrættismiðarnir út eins og heitar lummur enda voru vinningarnir ekki af verri endanum. Þann 3. nóv. seldum við veitingar á tónleikum Fjörgynjarmanna til styrktar BUGL í Grafarvogskirkju sem voru stórkostlegir eins og venjulega. Nýlunda þetta haustið var að taka þátt í blóðsykurmælingum þann 12. nóv. í samstarfi við Lkl. Fjörgyn. Mælingarnar fóru fram í verslunarmiðstöð Krónunnar á Bíldshöfða. Alls voru mældir 526 einstaklingar fullorðnir og börn. Það var álit þeirra kvenna sem tóku þátt að þessu sinni að þetta væri ákaflega þakklátt og gefandi verkefni og munum við örugglega gera þetta aftur. Næst á dagskrá er síðan að baka smákökur til að gefa í matarkörfur sem vinir okkar í Fjörgyn útteila í samstarfi við Grafarvogskirkju. Þetta höfum við gert í mörg ár og skemmtum okkur konung-lega við baksturinn.

*Jólaæðjur frá Lionsklúbbnum Fold
Hruná Hjaltadóttir blaðafulltrúi Foldar*

Ljósmyndir teknar af Foldarkonum nema mynd frá tónleikum sem Sigrún Einarsdóttir frá Studiomyndum tók.



Hópurinn saman kominn í Vestmannaeyjum.



Anna S. Margeirsdóttir tekur við Melvin Jones viðurkenningu.



Um bord í Herjólf.



Foldarkonur vinna við blóðsykurmælingar.



Samvinna Foldar og Fjörgynjar í hnotskurn.



Foldarkonur selja veitingar á tónleikum í Grafarvogskirkju.



Mikið fjör á dömkvöldi.

Lionsklúbburinn Dynkur

Aðalvinnutími okkar Dynksmanna er á sumrin en við höfum tekið að okkur að hreinsa rusl meðfram þjóðvegum í Skeiða- og Gnúpvörðahreppi og okkar stærsta verkefni er að slá kirkjugarðinn við Ólafsvallakirkju. Þetta eru skemmtilegar stundir sem við eigum við þessi verkefni. Eftir annasamt sumar hittust félagar í Lionsklúbbum Dynk á sínum fyrsta fundi starfsársins í september. Á fundum okkar í vetur höfum við fengið marga góða gesti. Ellert Eggertsson, 1. varaumdæmisstjóri 109A heimssótti okkur og einnig kom Jóhannes Eggertsson, svæðisstjóri í heimsókn. Í aðdraganda kosninga kom Ísólfr Gylfi Pálmason í heimsókn til okkar og ræddi við okkur um líf stjórnmálamannsins og sagði okkur margar skemmtilegar sögur úr kosningabaráttu og af þingi. Á einn fundinn komu rithöfundarnir Ásdís Thoroddsen og Hermann Stefánsson í heimsókn og lásu úr verkum sínum og spjölluðu við okkur í framhaldinu um bækurnar og ritstörf.

Þann 15. október héldum við veislu eina mikla í Árnesi. Boðið var uppá Snitsel frá Korngrís sem við matreiddum eftir leiðsögn Bjarna Birgissonar. Stefnan var að sem mest af matnum kæmi úr nærumhverfinu og það er gaman að segja frá því að það tókst að mestu leyti, allt nema grænar baunir og rauðkálíð átti uppruna í kring um okkur. Félagar okkar úr Lionsklúbbum Geysi fjölmenntu til okkar og hjálpuðu okkur að gera þessa kvöldstund skemmtilega. Eftir borðhald var happadrætti þar sem aðalvinnugurinn var snjóblásari á



Að loknum slætti - Að loknum slætti er gott að taka í nefið af gömlum síð.

stærð við slátturvél sem hefur nú þegar komið sér vel. Við stefnum að því að gera „Selakvöldið“ að árlegum viðburði.

Við höfum líka farið í heimsókn til Geysismanna. Eins og alltaf þegar við höfum komið til þeirra voru móttökurnar glæsilegar og við nutum kvöldsins í góðum félagsskap. Geysismenn fóru með okkur í nýtt og stórglæsilegt fjárhús að Vatnsleysu í Bláskógarbyggð. Þetta er myndarleg bygging og er aðbúnaður dýranna hinn besti.

Framundan eru skemmtilegir fundir þar sem maður er manns gaman. Okkur finnst gaman að hittast í Hestakránni og njóta samverunnar við hvern annan. Ekki skemmir svo fyrir að vita að afraksturinn af vinnunni okkar fer í að styðja og styrkja þar sem þess er þörf.

Jónas Yngvi Ásgrímsson, formaður



Lionsfélagar á fundi - Fundarmenn í Hestakránni.



Stjórnin - Björgvin Skafti Bjarnason, gjaldkeri, Jónas Yngvi Ásgrímsson, formaður og Sigvaldi Kaldalóns Jónsson, ritari.

Lionsklúbburinn í Njarðvík

Fyrsta sunnudag í aðventu hófst formleg sala á jólahappdrættismíðum hjá Lionsklúbbum Njarðvíkur við Nettó í Krossmóa. Af þessu tilefni veitti Lionsklúbburinn styrki til samfélagsverkefna og einstaklinga á svæðinu þar sem þörfin er.

Meðal styrkþega voru Öspin í Njarðvíkurskóla, Rauði kross Íslands - Suðurnesjadeild, Fjölsmiðjan á Suðurnesjum og Tónlistarskóli Reykjanesbæjar, en þess má geta að styrkirnir eru einmitt veittir af því fé sem safnast í árlegu jólahappdrætti klúbbsins. Alls voru veittir styrkir fyrir 1.200.000 kr. að þessu sinni.

Við styrkveitinguna spiluðu nemendur tónlistarskólans 2 falletg lög.

Kristján Carlsson Gränz



Frá Lionsklúbbnum Hrærek

Það er hverjum klúbbi nauðsynlegt að hafa gott félagsstarf innan hans og hafa það að markmiði að hafa gaman saman. Hvað varðar síðasta starfsár tókst vel til hjá okkur.

Björg Bára Halldórsdóttir varaumdæmisstjóri 109B kom í heimsókn í október. Þar afhendi hún Baldvin og Reyni Gísla viðurkenningu og merki fyrir 40 ára starf í Lionsklúbbnum Hrærek.

Í febrúar héldum við hið árlega konukvöld, þar sem eiginkonum er boðið til veislu. Matarnefndin sýnir þá alla sína bestu kosti hvað varðar eldamennsku og framreiðslu. Á eftir var skipt í 4 lið og farið í pílukast keppni.

Guðmundur Pálsson læknir hélt fyrirlestur á opnum fundi sem margir mættu, um karla og krabbamein. Einnig var blóðþrýstingur mældur hjá fundargestum.

Bátasmiðjan Seigla á Akureyri var skoðuð í apríl og farið í keilu á eftir.


Þá störfuðu 3 Hrærekfélagar að Unglingaskiptum Lions 2016 þegar þeir dvöldu á Eyjafjarðarsvæðinu.

Lionsklúbburinn Hrærekur hefur séð um leiðalýsingu í Stærri Árskógskirkjugarði frá árinu 1980. Hittast klúbbfélagar þrisvar í nóvember, lagfæra og endurbæta krossa og leiðslur og setja upp í garðinum. Að lokinni athöfn í kirkjunni var því kveikt á lýsingunni í 37 skipti, 27. nóvember s.l. eða á fyrsta sunnudegi í aðventu eins og gert hefur verið undanfarin ár.

Þann 29. ágúst sl. lést góður félagi okkar Jóhann Antonsson. Jóhann sem var einn af stofnendum Lionsklúbbsins Hræreks árið 1972 var ötull og virkur félagi í leik og starfi. Þau voru mörg skiptin sem hann kom með kaffi, pönnukökur og annað bakkelsi frá eiginkonu sinni Petreu, sem lionsfélagar gæddu sér á þegar þeir voru að setja upp ljósakrossana í kirkjugarðinum.

Fyrir hönd okkar í Lionsklúbbnum Hrærek þökkum við Jóhanni góða samfylgd og sendum Petreu þakkar og innilegar samúðarkveðjur.

*f.h. Lionsklúbbsins Hræreks,
Reynir Gísli Hjaltason.*



Fréttir af Lionsklúbb Mosfellsbæjar

10. nóvember fórum við í heimsókn til Karls Loftssonar í Vélaskemmu Golfklúbbsins í Blikastaðanesi. Þessi hugmynd vaknaði á okkar fyrsta fundi í haust að heimsækja okkar öfluga féлага Karl Loftsson, sem ætlar að kenna okkur að púttu, og í framhaldi mundi vera púttmót. Karl loftsson er einn af okkar ævifelögum og mjög virkur Lions félagi. Þetta var mjög skemmtilegt kvöld og vel tekið á móti okkur, eftir keppni boðið upp á kaffi og heimabakaðar pönnukökur og ástarpunga.


Stjórnin



Kirkjuferð Lkl. Muninn 23. október 2016 kl. 14.00

Hin árlega kirkjuferð Lionsklúbbsins Munins með eldri borgara í Kópavogi var farin þann 23. október sl. í Friðkirkjuna í Reykjavík kl. 14.00. Séra Hjörtur Magni Jóhannsson messaði. Að lokinni messu buðu Lionskonur í Lionsklúbbum Yr kirkjugestum upp á kaffihlaðborð í lionsheimilinu Lundi, Auðbrekku 25-27 Kópavogi. Eins og venjulega þá óku Munins menn kirkjugestum til og frá kirkju og að loknu kaffi þá keyrðu þeir alla gestina heim. Þetta var í 33. skipti sem Muninn býður eldri borgurum í kirkju í Kópavogi þó svo að flestir þeirra séu orðnir löglegir eldri borgarar enda er meðalaldurinn í klúbbum 71,1 ár. En þá er þetta alltaf jafn gaman og skemmtilegt. En eldri borgurum hefur fækkað í þessar ferðir hvort það sé vegna að þeir hafa nóg að gera eða eitthvað annað veit ég ekki.

*Með kveðju
Daniel G. Björnsson
Bláðafulltrúi Lkl. Munins.*



Pistill frá Fjörgyn í Grafarvogi

Lkl. Fjörgyn hefur um árabíl stutt Barnaspítala Hringins með tækjakaupum eða öðrum hætti.

Þann 27. október 2016 afhentu nokkrir félagar Lita- og gátubækur til nota fyrir yngstu skjólstæðinga spítalans.

Haldnir hafa verið Stórtónleikar í Grafarvogskirkju til styrktar BUGL í nóvember undanfarin ár.

Þann 3. nóvember 2016 voru 14. tónleikarnir haldnir. Að þessu sinni mættu 560 gestir og

nutu söngs og skemmtunnar frábærra listamanna. Flytjendur voru m.a. 2 kórar, 14 einsöngvarar, 1 hljómsveit 4 undirleikarar, samtals vel á annað hundrað manns. Kynnir var hinn þjóðkenni sjónvarpsmaður Gísli Einarsson. Félagar úr Lkl. Fold seldu tónleikagestum veitingar. Öllum þessum aðilum færum við bestu þakkir.

Fjörgyn og Fold buðu upp á ókeypis blóðsykurmælingar í Krónunni á Bíldshöfða 12. nóvember 2016. 526 einstaklingar þáðu

mælingu, 317 konur og 209 karlar. 47 reyndust með gildi yfir 8 og hæsta gildi var 18,2. Samstarf klúbbanna gekk mjög vel og færum við Foldarkonum bestu þakkir. Vonandi verður framhald á því.

Með bestu jóla- og nýárskveðjum,

*Hjálmur Steinar Flosason,
formaður Fjörgynjar
starfsárið 2016 – 2017.*



Lionsfélagar taka lagið - sönglaga arfur íslensks Lionsfólks

Söfnum lögum og textum



Eins og fram kom í síðasta Lionsblaði er ég að safna saman öllum lögum og textum um Lions í leik og starfi á Íslandi. Undirtektir hafa verið litlar og mun ég fá skrifstofuna til að senda hvatningu til formanna og stjórnna. Flestir klúbbar hafa farið með frumsamda texta oft við þekkt lög við ýmis tækifæri. Nú þætti mér vænt um að fá texta með nafni höfundar senda á mig jongrondal@internet.is Markmiðið er að gera söngvakver sem allir klúbbar gætu fengið.

Ég spurði fyrst um ljóð sem Eðnukonur á Akranesi eiga.

Eðnuljóðið

Hausta tekur sest er sólin
senn fer jörð í vetrarkjólinn.
Göngum upp á háa hólinn,
höfum önnur sjónarmið.
Yndis stundir allar saman
eigum við.

Stöndum vörð hjá veikum stráum o.s.frv.

Nú hefur Rósa Mýrdal svarað og segir höfund vera Halldór Hallgrímsson á Akranesi. Hann samdi ljóðið við hið fallega lag Valgeirs Guðjónssonar Stuðmanns sem er þekkt við ljóðið „Vorið kemur“ (eftir Jóhannes úr Kötlum).

Kristrún Líndal Gísladóttir frá Akranesi svarar spurningunni um höfund „Lionsljóðs“

Höfundur er líka Halldór Hallgrímsson Skagamaður og lagið er „Vikivaki“, eftir Valgeir Guðjónsson

Vort rétta einkunnarorð
Sé ósk um kærleik á storð
Að rétta hjálpanði hönd
Og hnýta vináttunnar bönd o.s.frv.

Kann ég Kristrúnu bestu þakkir fyrir.
Ég spurði líka um textann við lagið (Hvað er svo glatt)

Vér hefjum söng til heilla á þessum degi
Er höldum þennan góðra vina fund

Hver á þennan texta?

Svo kom bréf frá Sesselju G. Sigurðardóttur í Kaldá. Hún sendi bráðsniðugan texta

Kaldá Lag: *Og þá stundi Mundi. Texti: Aldís Yngvadóttir í tilefni af 10 ára afmæli Lkl. Kaldár 25. febrúar 2002.*

Þær kvinnur hér koma og segja því frá
að til væri klúbbur kenndur við á.
Þar væri að finn mörg fönguleg fljóð
já, frjálsgar þúur með digran sjóð.

*Og þá kváðu konur -
Meira stuð, meira stuð
Við elskum og þráum
þetta eilífa puð.*

Kaldá hét klúbburinn þar var nú fjör
og kvöldvökur, matur og drjúpanði smjör.
Gerandi góðverkin um borg og bí,
já gerið svo vel og trúið því.

Og þá kváðu konur – ofrv.

Plássins vegna get ég ekki birt textann allan. En ef einhver hefur áhuga get ég sent hann til viðkomandi.

Sesselja sendi líka textann Söngur Lionskvenna. Gaman væri að fá höfundar nafn

Söngur Lionskvenna (lag: Tvær úr Tungunum)

Við lifum fyrir félagsmál
og flinkar erum við –
ræðum þau af líf og sál
og ýmis sjónarmið!
Það er hugsjón okkar, heit og trú
að hjálpa í vanda og neyð!
Ef saman stöndum ég og þú
er sérhver gata greið!

Við erum;

Ljúfar meyjar, léttar, hraustar
Lionskonur af líf og sál.
Eldklárar og ofurtraustar
aldrei sjáum vandamál.
Valkyrjurnar velviljaðar,
leggja öllum lið
alltaf til og tilbúnar
að Lionskvenna sið!

Þetta er einkar sniðugur texti og lýsir vel krafti kvenna í Lions. Hvernig er með Eikar-konur? Ég veit að þær eiga nokkra góða texta. Ég vona að fólk fari að taka við sér og við verðum aftur í næsta Lionsblaði með útkomuna.

Jón Gröndal

Pósturinn minn er jongrondal@internet.is

Munið minningarkort Lions

Falleg minningarkort Lions fáanleg hjá öllum Lionsklúbbum og á skrifstofu Lionshreyfingarinnar í síma 561 3122.

EFLUM ÍSLENSKA HJÁLPARSJÓÐ LIONSHREYFINGARINNAR.

Konur og Lions

Teymið GMT/Fleiri konur í Lions MD 109 er skipað eftirtöldum konum: Hrund Hjaltadóttir Lkl. Fold MD109, Sesselja Guðrún Sigurðardóttir Lkl. Kaldá 109A, og Gyða Steinsdóttir Lkl.Hörpu 109B.

Í dag eru um það bil 28% Lionsfélaga á Íslandi konur en markmið LCI er að við konur verðum 50% af hreyfingunni sem allra fyrst. Við sem erum að vinna að þessu verkefni, viljum leggja mikla áherslu á að allir Lionsfélagar leggist á eitt með að fjölga konum því með fleiri konum í hreyfingunni fjölgar líka konum í leiðtogastörfum. Við eigum að notfæra okkur þá athygli sem það veður að við frá litla Íslandi munum eiga fyrsta alþjóðaforseta Lions sem er kona og ég hef orðið vitni að því hve mikla athygli Guðrún Björt veður hvar sem hún kemur.

Teymið GMT/Fleiri konur í Lions skipulagði málþing undir yfirskiptinni „Konur og Lions“ sem haldið var fimmtudaginn 10. nóv.s.l. í Lionssalnum Lundi í Kópavogi. Málþingið var opið öllum og mættu ca. 35 félagar og gestir.

Aðalfyrirlesari var Margrét S. Björnsdóttir aðjúnkt við stjórnsmálafræðideild HÍ og ræddi hún um „Félagsauð og sjálfbærni“ og var fyrirlesturinn í alla staði frábær. Margrét fræddi okkur um hversu miklu máli það skiptir fyrir alla, börn jafnt sem fullorðna að taka þátt í einhverju félagsstarfi.

Guðrún Björt Yngvadóttir annar varaforseti Lionshreyfingarinnar sagði okkur frá þeirri ævintýrlegu vegferð sem hún er á um þessar mundir og var sannarlega fróðlegt að átta sig á þeim ómælda tíma sem Guðrún Björt gefur hreyfingunni með vinnu sinni, alltaf með glöðu geði og bros á vör.

Sigþór Hallfreðsson formaður Blindrafélagsins ræddi við okkur um mikilvægi Lionshreyfingarinnar í samstarfi við Blindrafélagið og sagði frá ýmsum verkefnum sem Lions og Blindrafélagið hafa unnið að saman. Með honum var Lilja Sveinsdóttir sem mætti með leiðsöguhundinn sinn með sér og sagði frá því hvað hundurinn gefur henni mikið frelsi. Sigþór þakkaði Lionshreyfingunni innilega fyrir samstarfið.

Aðrir fyrirlesarar ræddu síðan um veru sína og þátttöku í sjálfbærniastörfum innan Lions á ýmsan hátt. Edda Rut Waage, svæðisstjóri á



Konur frá ýmis löndum í Evrópu frá Evrópuþinginu.



svæði 6 sagði frá því hvers vegna hún ákvað að ganga til liðs við Lions og hvers vegna hún væri þar enn fimm árum seinna. Björg Bára Halldórsdóttir, umdæmisstjóri 109B sagði okkur frá sinni upplifun af veru í Lions í 25 ár og hve miklu máli Lions skiptir í smærri bæjarfélögum. Skipuleggjendur vilja þakka Lionsklúbbum Muninn í Kópavogi innilega fyrir gestrisnina og afnot af Lionssalnum Lundi og Jörundi Guðmundsdóttur Lkl. Yr fyrir aðstoðina.

Verkefnisstjóri GMT/Konur í Lions MD 109 Hrund Hjaltadóttir átti þess kost að sitja tvo fundi með leiðtogum kvenna í Evrópu á Evrópuþingi Lions í Sofía í október s.l. sem báru yfirskriftina „More Women in Lions“. Til fyrri fundarins boðuðu Eva Person frá Svíþjóð og Regina Risken frá Hollandi en konur frá Ungverjaland boðuðu til þess síðari. Báðir þessir fundir voru fræðandi og skemmtilegir.

Hrund Hjaltadóttir



Sigþór Hallfreðsson og Lilja Sveinsdóttir.



Edda Rut Waage.



Fyrirlesarar fá blóm.



Margrét S. Björnsdóttir.



Gestir á ráðstefnunni.



Guðrún Björt.



Björg Bára.



Leiðtogaskóli Lions 2017 – Fyrir þig!

Viltu vera þátttakandi í merkilegu gangverki?

„Nauðsynlegt er fyrir alla að virkja leiðtogann í sér. Leiðtogar eru ekki endilega stjórnendur, en leiðtogar spyrja spurninga og taka engu sem gefnum hlut.“

Lee Warren kennari við Harvard háskólann í Bandaríkjunum



Leiðtogaskóli Lions 2017

Tími: 11.-12. febrúar og 11.-12. mars 2016

Tvær helgar = 4 dagar, alls 32 klst.

Heimavinna (hópvinna) milli helga.

Staður: Hótel Saga í Reykjavík

Verð: Þáttökugjald er 30.000 krónur. Innifalið er kennsla, námsgögn og fæði. Skólinn er styrktur af alþjóðastjórn Lions og ýmsum styrktaraðilum.

Umsóknarfrestur til 31. janúar 2017

Umsóknum svarað 2. febrúar 2017

Þátttakendur: Allir Lionsfélagar geta sótt um, bæði ungir og óreyndir félagar sem og reyndir stjórnendur klúbba og hreyfingarinnar. *Námskeiðið hentar sérstaklega vel viðtakandi klúbbstjórnunum.* Hámarksfjöldi er 30 manns.

Marmið: Markmiðið er að þjálfa leiðtoga, byggja upp félagana og styrkja klúbbstarfið.

Efni: Kennt er íslenskað efni sem Lions Clubs International hefur útbúið í leiðtogapjálfun (Leadership Development) fyrir Leiðtogaskólana (Regional Leadership Institute). Námsefni og kennsla er á íslensku. M.a. verður kennt: Stjórnunarstílar, leiðtogahæfileikar. Fjölbreytileikinn og sköpunarkrafturinn. Samskiptahæfileikar, virk hlustun. Að virkja og hvetja. Hópstarf, samvinna, að byggja upp teymi. Frumkvæði og virkni. Markmiðasetning og áætlanagerð. Að taka ákvarðanir og deila út verkefnum. Að leysa vandamál og stjórna deilum. Stjórnun breytinga. Fundarstjórn. Ræðumennska. LCIF og bakland Lions. Upplýsingatækni Lions.

Nánari upplýsingar og skráning á Lionsskrifstofunni, sími 561 3122, netfang lions@lions.is, eða hjá Halldóri Kristjánssyni GLT stjóra, sími: 520 9000, netfang: halldor@tv.is

Ertu stjórnandi gærdagsins?


Viltu ná árangri? ... vera í fararbroddi í samfélaginu?

Gerðu eitthvað í málunum – vertu öflugt tannhjól í gangverkinu.


Lionsklúbburinn Embla

Frá okkur nú í árslok koma nokkrar myndir frá vetrarstarfinu, um leið og við Emblu konur sendum okkar bestu jólakveðjur með von um gott og farsælt nýtt ár til ykkar allra.

*Guðrún Guðnadóttir,
blaðafulltrúi Lkl. Emblu*




Sykursýkisvarnir Lions – ókeypis mæling



Nóvember ár hvert er mánuður sykursýkisvarna hjá Lions. Í tilefni þessa mun Lionsklúbbur Hveragerðis og Lionsklúbburinn Eden bjóða ókeypis blóðsykursmælingu þeim sem eiga leið í Sunnumörk í Hveragerði föstudaginn 25. nóv. frá kl. 16:00 – 19:00 og laugardaginn 26. nóv. frá kl. 11:00 – 16:00.

Sykursýki er efnaskiptasjúkdómur sem dregur nafn sitt af auknu sykurmagni í blóði. Blóðsykurinn (glúkósinn) er nauðsynlegt brensluefni fyrir líkamann. Of hár blóðsykur er þó skaðlegur og því er blóðsykurmagninu haldið á þröngu bili undir eðlilegum kringumstæðum. Blóðsykurmagnið ræðst af samspili fæðu-neyslu, líkamsáreynslu, blóðsykursframleiðslu lifrar og magni nokkurra hormóna í blóðinu en þau helstu kallast insúlín og glúkagon.



Skógarhögg í Fljótshlíð



Hauststarf Lionsklúbbs Kópavogs hófst með hlátum í ár. Farið var í Flótshlíðina laugardaginn 3. september og tilefnið var skógarhögg. Á Heylæk í Fljótshlíð er mikil skógrækt og leituðu skógræktarbændur eftir aðstoð Lionsklúbbs Kópavogs við að grisja mikinn Lerkiskóg sem farinn er að vaxa úr sér. Úr varð hin skemmtilegasta fjölskylduferð klúbbfélaga og fengu allir, stórir og smáir að taka til hendinni

eins og myndirnar sýna. Boðið var upp á hádegismat og að loknu dagsverki var glæsileg grillmáltíð að hætti Lionsklúbbsins. Þetta varð að eftirminnanlegri og skemmtilegri ferð í Fljótshlíðina og klárlega ekki sú síðasta. Viðurinn var hlutaður niður í brenni og þurrkaður enda er hann kjörinn sem eldiviður.

Eldiviðurinn er seldur hjá Blikkás - Funa, allur ágóði rennur í Líknarsjóð Lionsklúbbs Kópavogs.

Blikkás - Funi ehf.

Smiðjuvegi 74 (Gul gata) - 200 Kópavogi

Sími: 515-8700



Allir fengu að reyna sig við öxina..

Leiðbeint um hvernig höggva skal viðinn.



Soona klýfur maður við í eldivið!

Eldiviðurinn klár í kassana.